



Drottningin, ráðamenn og öll danska þjóðin vöknúðu upp við vondan draum snemma í gærmorgun þegar mannskætt lestarslys varð á Stórabeltisbrúnni. Sex létu lífið og minnst sextán slósuðust þegar brak úr flutningalest fauk á aðvifandi farþegalest með 131 farþega um borð. Veður var slæmt í Danmörku en rannsókn er hafin á slysinu. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Alvarleg vannæring meðal aldraðra

Sjúklingar á aldrinum 77 til 93 ára léttust að meðaltali um kíló á viku fyrstu vikunnar eftir útskrift af öldrunardeild Landspítalans samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar. Rót vandans er skortur á hjúkrunarrýmum, of stutt dvöl á spítala og skortur á eftirfylgni.

HEILBRIGÐISMÁL Vannæring, einmanaleiki og depurð, lágur tekjur og lítil matarinntaka einkenna þann hóp sjúklinga hér á landi sem útskrifast af öldrunardeild Landspítala og býr heima. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar Berglindar Soffíu Blöndal, doktorsnema í næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, um næringarástand aldraðra eftir útskrift af öldrunardeild.

„Þetta er alveg svakalegt. Það var um það bil kíló á viku sem fólk var að missa að meðaltali hjá þessum hóp sem ég skoðaði, sumir aðeins minna og sumir aðeins meira,“ segir Berglind sem fylgdi 13 einstaklingum eftir í nokkrar vikur eftir útskrift af öldrunardeild.

„Við sjáum þetta líka í öllum rannsóknum erlendis, fólk kemur kannski vannært inn á spítalann en dvölin þar er svo stutt að það gefst

Þetta er alveg svakalegt. Það var um það bil kíló á viku sem fólk var að missa.

Berglind Soffía Blöndal, doktorsnemi í næringarfræði



ekki tími til næra það almennilega upp og svo fer fólk heim og heldur áfram að versna.“

Berglind segir þetta fjölþættan vanda en skortur á hjúkrunarrýmum og þrýstingur á spítalann alls staðar frá að útskrifa fólk sem fyrst valdi því meðal annars að ekki tekst að leysa hann.

„Þegar fólk er inni á spítalanum fær það nægilegt magn að borða og í rauninni ofboðslega vel passað upp

á það. Það eru flestir komnir á orku- og próteinbætt fæði, þannig að þar er allt í flottu standi en dvölin á spítalanum er bara svo stutt og það tekur langan tíma að vinna upp vannæringu; miklu lengri tíma en bara einn til tvo daga.“

Berglind gerir grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sinnar á Líf- og heilbrigðisvísindaráðstefnunni sem fer fram í Háskóla Íslands í dag og á morgun. – **áá / sjá síðu 4**

Kanna rétt sinn eftir uppsögn

KJARAMÁL

Verkalýðsfélagið VR hefur fengið nokkur mál starfsmanna á WOW air inn á sín borð vegna hópuþessagnanna hjá flugfélaginu í síðasta mánuði. Um er að ræða fyrrverandi starfsmenn sem voru í fæðingarorlofi að kanna rétt sinn.

„Þegar fólk í fæðingarorlofi er sagt upp þarfa að fylgja rökstuðningur,“ segir Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, aðspurður um málin. Þann rökstuðning hafi vantað frá WOW.

WOW air segir gilda ástæður fyrir uppsögnunum. – **smj / sjá síðu 6**



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Þorvaldur Gylfason fjallar um þjóðsöngva, símtöl og stjórnarskrár. **17**

SPORT Liverpool getur náð níu stiga forskoti á Manchester City í kvöld þegar liðin þegar liðin mætast. **20**

MENNING Dásamlega djöfullegar vélanir og djarft leikhús í Ríkharði III. **28**

LÍFIÐ Einn besti, ef ekki besti ökuþór allra tíma, Michael Schumacher, er fimmtugur í dag. Fjölskylda hans ætlar að halda upp á afmælið og sigra hans. **36**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SMÁRALIND

ÚTSALA



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

KJARAKAUP



Afsláttur 800.000 kr.

Volkswagen Tiguan

Offroad 1.4 TSI / 4x4 / Bensín / Sjálfskiptur / Dráttarkrókur


KJARAKAUP 5.155.000 kr.

Fullt verð: 5.955.000 kr.

www.hekla.is/kjarakaup



Veður



Sunnan- og suðvestanátt, 13-23 m/s, hvassast um landið norðvestanvert. Hægari vindur austan til á landinu, lengst af suðvestan 8-15 m/s. Rigning eða súld með köflum og hiti 4 til 10 stig, en þurr norðaustan- og austanlands. **SJÁ SIÐU 24**

Búið að ræða við bræðurna

LÖGREGLUMÁL Fulltrúar lögreglunnar á Suðurlandi ræddu í gær við ökumann bifreiðarinnar sem fór út af brúnni yfir Núpsvötn á Skeiðarársandi 27. desember með þeim afleiðingum að þrennt lést, tvær konur og kornungt barn.

Bræðurnir tveir, sem eru breskir en af indverskum uppruna, og börnin sem lentu í slysinu og flutt voru á bráðamóttöku eru öll á batavegi að því er fram kemur í tilkynningu lögreglu. Þá er viðbúið að þau haldi til síns heima þegar heilsa leyfir. Þá fór fram réttarkröfnun á líkum hinna látnu í gær. Rannsókn málsins mun taka nokkurn tíma að sögn lögreglu.

Vegriðið sem bíllinn fór í gegnum uppfyllir ekki nýjustu staðla og því hefur hámarkshraði á brúnni verið lækkaður í 50 km. – *khn*

Tónskáld fær Bjartsýnisverðlaunin



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti Daniel Bjarnasyni, tónlistarmanni og hljómsveitarstjóra, Íslensku bjartsýnisverðlaunin fyrir árið 2018 og eina milljón króna í verðlaunafé. Daniel hefur unnið með sinfóníuhljómsveitum víða um heim, en á síðasta ári voru tvö verk eftir hann frumflutt, Brothers og fiðlukonsert. Hann semur tónlistina í leikýningunni Ríkharði III í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hátíðarsteikur og sætindi auka kólesterólmagn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kólesterólmagn jókst um 20%

HEILBRIGÐISMÁL Kólesterólmagn í blóði rúmlega 25 þúsund Dana jókst að meðaltali um 20 prósent um jólin samanborið við kólesterólmagn að sumarlagi. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar danskra vísindamanna. Magn kólesteróls í blóði þátttakenda var mælt reglulega í heilt ár. Feitur matur og sætindi hafa greinilega áhrif, að mati vísindamanna.

Rannsóknin leiddi hins vegar ekki í ljós samhengi milli aukins kólesteróls um jól og fleiri blóðtappa í janúar. Ástæðan er talin vera sú að tímabundin aukning kólesteróls er ekki sögð hafa áhrif. Það geri hins vegar aukning kólesteróls til langs tíma. Því sé mikilvægt að borða hollan mat, hreyfa sig og sleppa reykingum á öðrum tímum ársins. – *ibs*

Lélegar jólagjafir verði gefnar Góða hirðinum

Fyrir jólin gaf Sorpa út leiðbeiningar um það hvernig eigi að flokka það sem til fellur um hátíðarnar. Þar kemur meðal annars fram að notaðir flugeldar fara í almennt sorp en ónotaðir séu þeir spilliefni. Lélegar jólagjafir fara í Góða hirðinn.

RUSL „Ég heyrir ekki annað en að fólk standi sig alveg ágætlega í að flokka það sem til fellur um hátíðarnar,“ segir Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva hjá Sorpu.

Guðmundur segir sama takt og undanfarin ár halda sér í jólasorpinu eins og sorpi almennt. „Það er náttúrulega búin að vera gríðarleg aukning á öllu og er ekkert lát á. Það er góðæri,“ segir hann.

Flugeldaafgangar streyma nú inn á endurvinnslustöðvarnar í stórum stíl. Guðmundur segir umbúðir utan af flugeldum sumar vera pappa en aðrar plast og fari þær þá eðlilega í plast- og pappírsflokkana. „Aftur á móti skotkökurnar sem búið er að skjóta og flugeldar sem koma niður aftur eru að jafnaði blanda af efnum; í kökunum er pappi, leir og brunnar púðurleifar. Það er ekki endurvinnsluefni heldur úrgangur til urðunar sem við tökum í blönduðu gámana.“

Á heimasíðu Sorpu er nú að finna leiðbeiningar um hvernig eigi að flokka jóla- og áramótaruslið. Þar er meðal annars að finna efnisflokkinn „lélegar gjafir“ sem Guðmundur



Jólaösin í Sorpu eykst áfram eins og annað hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég hef ekki heyrt að það sé meira af því en venjulega en við vitum að það hitta ekki allar gjafir í mark.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva hjá Sorpu



viðurkennir að sé fyrst og fremst á listanum til að létta yfirbragðið.

Öllu gamni fylgir þó alvara því þótt það sé undantekning berast stundum nýir hlutir á endurvinnslustöðvarnar. „Ég hef ekki heyrt að það sé meira af því en venjulega en við vitum að það hitta ekki allar gjafir í mark,“ bendir Guðmundur á. Eins og aðrir nýttjahlutir fari þessir hlutir í Góða hirðinn og verða þar á boðstólum.

Þá segir á listanum að jólaþeysur flokkist sem fót og klæði – eðlilega. Guðmundur segir þeysurnar geta farið í fatagáma frá Rauða krossinum. „En það er náttúrulega tilvalið, og ég mæli eindregið með því, að ef jólaþeysurnar eru heilar að setja þær upp í skáp og nota næstu jól. Það koma alltaf jól aftur.“

gar@frettabladid.is

BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) **21. jan.** 8 mánudagar frá 20-23

ÚRSPILIÐ (stig 3) **23. jan.** 8 miðvikudagar frá 20-23

- **STIG 1** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að koma ein/einn.
- **STIG 3** Spilamennska sagnhafa er í forgrunni á þessu námskeiði, áætlanagerð og tækniþrellur. Hentar breiðum hópi spilara og hægt að mæta án makkers.
- Staður ... **Síðumúli 37** í Reykjavík
- Sjá nánar á ... **bridge.is**
- Upplýsingar og innritun í síma ... **898-5427**



HÚSASMIÐJAN

blómaaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavæki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

ÚTSALA

FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR

- SERÍUR OG JÓLALJÓS 50% • JÓLAVÖRUR 50% • HEILSUTORG BLÓMAVALS 20-50%
- GJAFAVARA 25% • LUKTIR OG VASAR 25% • KERTI, KERTASTJAKAR OG BAKKAR 25% • FLÍSAM 25-40%
- PARKET 25-40% • HILLUEFNI (TILBÚÐ) 25% • INNIHURÐIR (Á LAGER) 30% • HREINLÆTISTÆKI 25-35%
- HANDLAUGAR OG SALERNI 25% • BLÖNDUNARTÆKI 25% • HÁPRÝSTIDÆLUR 25%
- VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • RAFMAGNSVERKFÆRI (BLACK + DECKER) 30-35% • MÁLNING (JOTUN) 25%
- LADY VEGGMÁLNING 25% • HILLUREKKAR (AVASCO) 25% • TOPPLYKLASETT (NEO) 35%
- HANDVERKFÆRI 25% • MATVINNSLUVÉLAR 25% • STRAUJÁRN OG STRAUBORÐ 20-40%
- BAÐVOGIR 25% • RYKSUGUR (ELECTROLUX) 20-30% • HNÍFAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30%
- GLÖS OG DISKAR 30-50% • POTTAR OG PÖNNUR 20-30% • SKÁLAR OG ELDFÖST MÓT 25%
- BÖKUNARVÖRUR 20% • HERÐATRÉ 30-50% • MOPPUR OG KÚSTAR 25%
- ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-40% • ÞVOTTAVÉLAR, OFNAR, HELLUBORÐ (VALDAR VÖRUR) 15-40%
- VINNUFATNAÐUR 25% • PHILIPS PERUR OG LJÓS (GILDIR EKKI AF HUE) 25% • BOX OG KÖRFUR 25% ...O.FL

Virka daga kl. 13-18 | Laugardaga kl. 10-15

MUNIÐ EINNIG **OUTLET** ÚTSÖLUMARKAÐINN Í GRAFARHOLT

Þeir elstu bæði einmana og vannæðir

Þunglyndi, einmanaleiki og depurð einkennir þátttakendur í rannsókn Berglindar Soffiu Blöndal sem kannaði næringarástand sjúklinga eftir útskrift af öldrunardeild Landspítalans. Næringarástand hópsins er einnig slæmt en margir þeirra hafa einnig veikan maka að hugsa um. Berglind kynnir niðurstöður sínar í Háskóla Íslands í dag.

HEILBRIGÐISMÁL „Það er einkenni fyrir þessa kynslóð að kvarta ekki,“ segir Berglind Soffia Blöndal um niðurstöður rannsóknar sinnar um næringarástand aldraðra eftir útskrift af öldrunardeild Landspítalans, en hún skoðaði meðal annars félagshagfræðilega stöðu þeirra, fæðuöryggi og fæðuframboð. Niðurstöðurnar, sem kynntar verða í Háskóla Íslands í dag, sýna ekki aðeins ótryggt fæðuöryggi og slæmt næringarástand þátttakenda heldur einnig mikið þunglyndi, depurð og einmanaleika meðal þátttakenda sem áttu það einnig sameiginlegt að hafa allir minna en 200 þúsund krónur til ráðstöfunar á mánuði.

Þátttakendur voru sjúklingar á aldrinum 77 til 93 ára sem útskrifuðust heim af öldrunardeild Landspítalans. Gerðar voru mælingar við heimför og þátttakendur svo heim-sóttir tvisvar eftir útskrift með viku millibili. Hún segir þátttakendur almennt hafa borið sig vel og til dæmis sagst hafa nóg fyrir stafni, en svo komi jafnvel í ljós þegar þeir svari spurningalista um þunglyndi og hversu oft þeir séu einmana, að svarið sé gjarnan: „Allan sólarhringinn.“

„Það er líka algengt að þau eigi



Berglind Soffia Blöndal kynnir niðurstöður rannsóknar sinnar í Háskóla Íslands eftir hádegi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Kynslóðin sem lætur ekki hafa fyrir sér

„Þetta er vandamálið sem við eigum við að etja. Þessi kynslóð er stolt fólk sem vill ekki væla við ókunnuga. Fólk bara þegir og unir við þá fátækt sem það býr við,“ segir Ellert B. Schram, formaður félags eldri borgara í Reykjavík. Hann segir niðurstöður rannsóknarinnar samt koma sér á óvart. „Vandamál okkar sem viljum þeim vel og viljum hjálpa er að okkur er ekki sagt nógu mikið. Fólk vill vera beint í baki og vera þátttakendur í þjóðfélaginu en ekki vera að kvarta og kveina,“ segir Ellert og telur þetta hafa verið svona lengi og minnst afa síns og ömmu sem

lifað hafi af litlu og aldrei talað um það.

„Barátta okkar í Félagi eldri borgara snýst um að vekja athygli ráðamanna á því að það þurfi að taka tillit til þessa hóps í samfélaginu sem er ekki alltaf kvartandi og kveinandi en þarf á hjálp að halda. Fólk tekur mér alltaf kurteislega en svo er aldrei neitt gert,“ segir Ellert. Hann segist þó vona að rannsóknir eins og þessi og barátta eldri borgara skili sér einhvern tíma. „Það á ekkert að gera það með einhverjum látum heldur bara þegjandi og hljóðalaust,“ segir Ellert.

engan að sem þau geta treyst fyrir öllu, svona trúnaðarvin sem er eflaust líka mjög erfitt og gerir mann einmana, ef maður er að bera hluti einn sem maður hefur engan til að ræða um við,“ segir Berglind en tekur þó fram að flestir þátttakenda hafi átt ágætt bakland og aðstandendur yfirleitt allir af vilja gerðir en breytingar í samfélaginu valdi samt þessari einangrun og það að fólk vilji ekki láta hafa fyrir sér. „Mín upplifun er sú að aðstandendur séu mjög viljugir en fólk sjálft segir bara: Nei, nei, það er allt í góðu hjá mér, ég á nóg til, engar áhyggjur.“

Hópurinn sem Berglind skoðaði var nokkuð fjölbreyttur. Af þeim þrettán sem hún fylgdi eftir var einn einstæðingur sem átti hvorki börn né maka. Um það bil helmingur hafði misst maka sinn en í hópnun voru einnig einstaklingar sem áttu sjálfir mjög veikan maka.

„Þeim, sem eru sjálf í vöðvaniðurbroti af því að þau borða ekki nóg, og voru líka að sjá um mjög veikan maka, leið enn verr á sálinni,“ segir Berglind.

„Það veldur þunglyndi hjá öllum aldursþópum að fá ekki nóg af kaloríum. Þegar fólk eldist fara vöðvarnir að rýrna sem minnkar hreyfigetu og þá getur allt orðið rosalega erfitt, ekki síst þegar fólk er líka að hugsa um veikan maka.“

Þeim, sem eru sjálf í vöðvaniðurbroti af því að þau borða ekki nóg og voru líka að sjá um mjög veikan maka, leið enn verr á sálinni.

Berglind Soffia Blöndal, doktorsnemi í næringarfræði

Berglind segir mikilvægast að ná tökum á vannæringunni. „Vannæringin leiðir af sér þirring, óróa, minnisleysi, þunglyndi, kvíða, minnkaða hreyffærni og þetta er mjög slæmt þannig að best er að lenda aldrei í þessu og ná að fyrirbyggja þetta.“

Aðspurð segir Berglind alla þátttakendurna hafa einhverja heimaþjónustu en mismikla þó. „Það er mín tilfinning að staðan sé betri úti á landi, en hér á höfuðborgarsvæðinu er erfiðara að manna félagsþjónustuna enda láglauastörf.“

Rót vandans að mati Berglindar liggur í alvarlegum skorti á hjúkrunarrýmum og þrýstingi alls staðar frá á spítalann að útskrifa fólk sem fyrst, því jafnvel þótt fólk fái góða næringu inni á spítalanum sé dvölin alltof stutt til að tími gefist til þess að vinna upp vannæringuna. „Í fyrsta lagi bráðvantar hjúkrunarrými til að spítalinn geti starfað eins og hann á að gera. Það er mikið af öldruðu fólk sem liggur inni á spítölum mánuðum saman meðan það bíður eftir hjúkrunarrými og tekur á meðan upp pláss sem aðrir þurfa á að halda. Það er eitt af stóru vandamálunum,“ segir Berglind.

Hún segir að það megi bæta mikið með aukinni eftirfylgni.

„Ef fólk kemur inn á spítala og er vannært í legunni ætti næringarfræðingur að fylgja fólk heim ekkert síður en til dæmis iðjuþjálfar. Ef næringarfræðingur kemur heim með fólk á fyrsta eða öðrum degi eftir útskrift þá getur hann tekið út eldhúsið og ísskápinn, veitt ráð um hvernig megi auka matarlyst og fleira,“ segir Berglind, sem vinnur nú að ihlutandi rannsókn um næringareftirfylgni, heimsækir fólk eftir útskrift af öldrunardeild og gefur þeim sem þurfa orku- og próteinbætta fæðu, þróaða sérstaklega fyrir rannsóknina.

adalheidur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is



40" BREYTTUR

EIGUM ALLAR ÚTFÆRSLUR TIL AFHENDINGAR, SLT, LARAMIE, LARAMIE SPORT, LIMITED OG LIMITED TUNGSTEEN.

BJÓÐUM UPP Á 37" TIL 42" BREYTINGARPAKKA.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM
UMBODSADILI RAM Á ÍSLANDI

Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS



Taktu þátt!

Með þátttöku sinni í Happdrætti DAS hefur fólk í landinu lyft grettistaki í málefnum aldraðra. Öldruðum fjölgar og biðlistar lengjast svo þörfin á nýjum úrræðum er mikil.



Byrjar þú nýárið með bombu?

Meira en 100 milljónir dregnar út í janúar

Bygging hjúkrunarheimilis, þjónustumiðstöðvar og leiguíbúða fyrir aldraða við Sléttuveg er vel á veg komin. Gert er ráð fyrir verklokum í árslok 2019.

30 milljóna króna vinningur á tvöfaldan miða

➤ Kaupu miða núna á das.is eða í síma 561 77 57



Fylgstu með okkur á Facebook og á das.is

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða



ÖBÍ furðar sig á stjórnsýslu TR

SKATTAMÁL Öryrkjabandalag Íslands segir að Tryggingastofnun fari ekki að lögum sem gengu í gildi um áramótin. Þetta kemur fram á vefsíðu bandalagsins. Afleiðingarnar séu neikvæðar fyrir marga lífeyrisþega.

Á vefnum segir að lögum samkvæmt eigi uppþætur vegna reksturs bifreiðar og uppþætur á lífeyri að vera undanþegnar skattskyldu frá og með 1. janúar á þessu ári. „Ljóst er að þetta hefur áhrif á fjölda manns og skerðir afkomu þeirra í þessum fyrsta mánuði ársins.“

Vísað er í svar Tryggingastofnunar við fyrirspurn Öryrkjabanda-



Tryggingastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

lagsins. Þar hafi stofnunin haldið því fram að hún hafi ekki vitað af skattabreytingunni fyrr en rétt fyrir jól. „Við þurfum að gera breytingar á greiðslukerfi okkar. Það náðist ekki að breyta greiðslum fyrir 1. janúar,“ er haft eftir Tryggingastofnun.

Stofnunin muni ekki framfylgja lögnum um skattleysi þessara uppþóta fyrr en í febrúar. „Þetta er vægast sagt undarleg – satt að segja ótrúleg – stjórnsýsla.“

Fullyrt er að Tryggingastofnun hafi vitað af lagabreytingunni, sem samþykkt var á Alþingi 7. desember, með góðum fyrirvara. Stofnunin hafi verið á meðal þeirra sem hafi verið boðið að veita umsögn á meðan málið var til umfjöllunar á Alþingi. „Það er ekki eins og TR hafi skort tíma til að framkvæma lögin og það stenst enga skoðun að þetta hafi komið Tryggingastofnun á óvart.“ – **bg**

Fólki í fæðingarorlofi sagt upp og VR vill svör

Nokkrir fyrrverandi starfsmenn WOW air hafa leitað til VR til að kanna réttarstöðu sína vegna uppsagna. Fólki í fæðingarorlofi sagt upp án þess að fyrir lægi skriflegur rökstuðningur eins og lög gera ráð fyrir. VR rukkar WOW um svör.

KJARAMÁL Verkalýðsfélagið VR hefur undanfarið fengið nokkur mál starfsmanna WOW air inn á sín borð vegna hópuþessagnanna hjá flugfélaginu í síðasta mánuði. Málin eiga það sameiginlegt að þar eru starfsmenn í fæðingarorlofi að kanna rétt sinn. Framkvæmdastjóri VR segir almennt ólöglegt að segja fólki upp í fæðingarorlofi nema gildar ástæður séu gefnar í skriflegum rökstuðningi. Þann rökstuðning hafi vantað frá WOW.

„Það hafa nokkrir leitað til okkar sem svo var ástatt um og það er verið að kalla eftir rökstuðningi fyrir uppsögninni. Þegar fólki í fæðingarorlofi er sagt upp þarf að fylgja rökstuðningur,“ segir Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, aðspurður um málin.

Hann vísar til 30. greinar laga um fæðingarorlof þar sem segir að óheimilt sé að segja starfsmanni upp störfum vegna þessa að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir þungadra kvenna og kvenna sem nýlega hafa alið barn.

„Meginreglan er sú að það er bannað að segja fólki upp í fæðingarorlofi. Það er meginreglan, en það er heimilt ef gildar ástæður eru fyrir hendi eins og lögin segja, þá þarf þennan skriflega rökstuðning. Það er verið að kalla eftir honum og biða.“



Skúli Mogensen neyddist til að segja upp rúmlega hundrað starfsmönnum WOW air í desember. Hluti þeirra hefur leitað til VR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það hafa nokkrir leitað til okkar sem svo var ástatt fyrir og það er verið að kalla eftir rökstuðningi fyrir uppsögninni.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR



Þann 13. desember síðastliðinn greindi Fréttablaðið.is fyrst frá því að yfirvofandi væru stórfelldar uppsagnir og uppstökkun hjá WOW air. Svo fór að síðar þann dag tilkynnti félagið að 111 fastráðnum starfsmönnum hefði verið sagt upp og að samningar við verktaka og tímabundna starfsmenn yrðu ekki endurnýjaðir. Þá var fækkað verulega í flugvélaflota félagsins.

„WOW air telur gildar ástæður vera fyrir þeim uppsögnum sem félagið fór í í desember og er í góðum samskiptum við stéttarfélag vegna uppsagnanna,“ segir í skriflegu svari WOW air við fyrirspurn Fréttablaðsins vegna málsins.

mikael@frettabladid.is

Næstu skref Framsýnar í kjaramálum skýrast á fyrstu tveimur vikum ársins

KJARAMÁL „Ég ber þá von í brjósti að stéttarfélagin innan Starfsgreinasambandsins muni öll vísa núna fyrir miðjan janúar efer sem horfir og það gerist ekkert. Framsýn mun aldrei setta sig við að sitja við eitt-hvert eldhúsbord og drekka kaffi. Við viljum vera við sjálft samningaborðið,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar á Húsavík. Samþykkt var á fjölmönnum fundi félagsmanna fyrir helgi að veita Aðalsteini umboð til þess að draga samningsumbodið til baka frá SGS komist ekki skriður á kjara-vidræður nú í byrjun janúar eða SGS verði ekki þegar búið að vísa deilunni til ríkissáttasemjara.

„Þetta mun skýrast á fyrstu tveimur vikum ársins. Við ætlum að gefa þessu þann tíma vegna þess að það er búið að setja upp stífa dagskrá og



Framsýn er enn með í samfloti félaga innan SGS. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



svo sjáum við hvernig staðan verður þá. Það er samt alveg ljóst að Framsýn er í startholunum með þetta.“

Aðalsteinn segir að draumur Framsýnar hafi orðið að veruleika þegar ljóst varð að Starfsgreinasambandið færi fram sem ein heild. „Við börðumst mikið fyrir því en síðan

kemur á daginn að innan okkar raða eru aðilar sem eru herskárri en aðrir. Það vildu sjö félög vísa til ríkissáttasemjara fyrir jól til að reyna að fá verkstjórn á þetta og láta þetta ganga. Því miður brást það.“

Hann segist ekki vera svartsýnn á framhaldi þótt leiðir hafi skilið milli aðila innan SGS en Efling og Verkalýðsfélag Akraness drógu sig út úr samstarfi SGS fyrir jól og hafa tekið upp samstarf við VR.

„Ég fagna harðari verkalýðsbaráttu. Ástæðan fyrir því að okkar fólk er svona illa státt í dag er sú að það hefur vantað meiri hörku í íslenska verkalýðsbaráttu. Ég hef fulla trú á því að ef SGS vísar núna um miðjan mánuðinn þá muni þessir aðilar vinna mjög náið saman í sér málum og öðrum sem tengjast ekki beint launaliðnum.“ – **sar**



Fögnum með

KIM LEINE

Útgáfuhátíð

í Lækjargötuhúsinu á Árbæjarsafni
fimmtudagskvöldið 3. jan. kl. 20.00



Rautt, hvítt og bílstjóradrykkir.

Höfundur áritar og les úr bók sinni

Rauður maður, svartur maður

sem segir frá landnámi Dana á Grænlandi og kristniboðanum Hans Egede.

Bókin hefur hlotið einróma lof og sex stjórnur hjá dönskum gagnrýnendum.

Fyrri bækur Kim Leine,

Spámennirnir í Botnleysufirði og **Kalak**

hafa hlotið afburða góðar viðtökur íslenskra lesenda og nú er komið að meistaraverkinu

Rauður maður, svartur maður.



Sæmundur



F&F

FÆST EINGÖNGU Í
HAGKAUP

ÚTSALA

ALLT AÐ

50%
afsláttur



N4 biður enn um styrki frá sveitarfélögum til að gera jákvæða þætti

FJÖLMIDLUN Sveitarfélög á Norðurlandi eystra fá nú bréf frá sjónvarpsstöðinni N4 á Akureyri þar sem óskað er eftir fjárframlögum til að halda úti þáttaröðinni Að norðan sem fjallar um menningu og mannlíf á Norðurlandi.

„N4 Sjónvarp nýtur engra opinberra styrkja og því er nauðsynlegt að hver þáttaröð standi undir sér, sérstaklega þegar um er að ræða stærri verkefni sem vikulegir þættir á borð við Að norðan eru,“ segir í

bréfi sem meðal annars var sent til Langanesbyggðar þar sem sveitarstjóranum var falið að grennslast fyrir um hugmyndir N4.

Í bréfi N4 segir að árlega séu frumsýndir um fimmtíu þættir með um 200 innslögum úr heimsóknum í öll sveitarfélög á Norðurlandi. Áður hefur komið fram að N4 leggur áherslu á að gefa jákvæða mynd af því efni sem fjallað er um. „Án fjárhagslegrar aðkomu þeirra sem um er rætt er mjög flókið að láta



dæmið ganga upp. Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa lengi komið að þessu verkefni og munu gera áfram. Sömu sögu er að segja af sveitarfélögum á Vesturlandi og Austurlandi með sambærilega þætti. En aðra sögu er því miður að segja um sveitarfélög á Norðurlandi eystra.“

N4 vísar í niðurstöður könnunar og árangursmats sem Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra létu gera vegna samstarfs við N4 um

sjónvarps- og kynningarefni. Þar komi fram að allir teldu að umfjöllun stöðvarinnar hefði haft „mjög jákvæð“ eða „frekar jákvæð“ áhrif.

„Það er mat okkar að til þess að hægt sé að halda áfram þáttaröðinni „Að norðan“ á N4 með þeim hætti sem gert hefur verið síðustu ár, þurfi sveitarfélögin á Norðurlandi eystra, einnig að koma að borðinu. Hagurinn er allra,“ segir í bréfinu sem undirritað er af Mariu Björk Ingvaldóttur, framkvæmdastjóra N4. – gar

Fullur og með dúfur í skottinu

LÖGREGLUMÁL Maður var handtekinn í Kópavogi í aðfaranótt miðvikudags í kjölfar umferðaróhapps. Hann er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum. Athygli vegfaranda vakti að skömmu eftir óhappið hófu dúfur að flögra út úr bílnum.

Þóra Jónasdóttir, aðstoðaryfirlög-regluþjónn í Kópavogi, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að dúfur hafi verið á vettvangi, en samkvæmt henni hafði bílnum verið ekið á umferðarmerki.

Sjónarvottur sem hafði samband við Fréttablaðið segir að billinn hafi vírst gjörónýtur eftir árekssturinn, hann hafi tekið niður tvo staura áður en hann nam staðar. Þá hafi ökumaðurinn vírst illa til reika og reynt að flýja vettvang. Honum varð ekki kápan úr því klæðinu.

Þóra segir að lögregla hafi haft hendur í hári mannsins og að hann sé grunaður um ölvun við akstur. Hún staðfestir að í bílnum hafi verið búr og að þar hafi verið ummerki eftir fugla, auk þess sem dúfur hafi verið á vettvangi þegar lögreglu bar að garði.

Þóra tekur fram að dúfunum hafi ekki vírst hafa orðið meint af, frekar en ökumanninum sjálfum. – bg



Segir fulla ástæðu til að taka tillit til sumra ábendinganna

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir fulla ástæðu til að taka mark á sumum af ábendingum Læknafélags Íslands við drög að heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Unnið sé að því í ráðuneytinu að fara yfir tæplega þrjátíu umsagnir sem bárust. Ráðherrann vonast til að leggja málið fyrir Alþingi í marsmánuði.

HEILBRIGÐISMÁL „Ábendingar Læknafélagsins snúa að hluta til að því sem félagið saknar í umfjölluninni. En eins og alltaf verður einhvers staðar að takmarka sig en það er full ástæða til að taka tillit til sumra af þeim ábendingum sem fram koma,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra um athugasemdir Læknafélags Íslands við drög að heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Hún segir það verkefni heilbrigðisyfirvalda að halda jafnvægi í svona texta. Einblína þurfi á það að kerfið eigi fyrst og fremst að þjóna sjúklingum.

Drögin voru sett inn í samráðsgátt stjórnvalda og rann umsagnarfræstur út skömmu fyrir jól. Alls bárust 27 umsagnir um drögin og segir Svandís að vinnan undanfarna daga hafi gengið út á að fara yfir þessar umsagnir og taka tillit til þeirra eftir því sem við á. Þar sé að finna margar gagnlegar ábendingar og málið sé í miðju ferli.

„Næsta skref er svo að útbúa þingsályktunartillögu til Alþingis sem er þá í rauninni heilbrigðisstefna til ársins 2030. Þá fer málið í hendur þingsins og þá opnast umsagnarferli að nýju um það skjal. Við vonumst til að þingsályktunartillagan líti dagsins ljós ekki síðar en í mars eins og kemur fram í þingmálaskrá,“ segir Svandís.

Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands skrifaði grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær þar sem hann fer yfir athugasemdir félagsins. Þar segir að þótt margt jákvætt komi fram í stefnunni þurfi málið frekari umfjöllunar við.



Heilbrigðisráðherra vonast til að heilbrigðisstefnan verði lögð fyrir Alþingi ekki síðar en í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það má því segja að Læknafélagið hafi komið alloft að umfjölluninni nú þegar.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Meðal þeirra þátta sem Læknafélag Íslands nefnir í umsögn sinni er að samráð við hagsmunaaðila hefði mátt vera víðameira og ítarlegra. Svandís bendir á að fundir hafi verið haldnir með ýmsum aðilum eins og heilbrigðisstofnunum, Læknafélagi

Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, Félagi hjúkrunarfræðinga og BHM.

„Svo var auðvitað fjallað um stefnuna á heilbrigðisþingi þar sem allir gátu skráð sig og Læknafélag Íslands gerði. Það má því segja að Læknafélagið hafi komið alloft að umfjölluninni nú þegar,“ segir Svandís.

Reynir nefnir einnig í grein sinni að í stefnuna vanti ákvæði þess efnis að öll þjónusta innan kerfisins sem greidd er af opinberum aðilum skuli byggjast á gagnreyndum fræðum. Þá leggur Læknafélagið til að sett verði inn markmið um stofnun heildarsjúklingasamtaka sem hafi tryggan, faglegan og rekstrarlegan grunn

en skortur á ákvæðum um réttindi sjúklinga er gagnrýndur.

„Í drögunum er ekkert ákvæði um réttindi sjúklinga og sjúklingarétt. Hvergi er vikið að umboðsmanni sjúklinga og ekki er fjallað um sjúklingasamtök,“ segir í grein Reynis.

Þá bendir Félag íslenskra heimilislækna í sinni umsögn á nauðsyn þess að fjölga heimilislæknum en áherslu á mikilvægi uppbyggingar heilsugæslu er fagnað. Sóttvarnalæknir segir drögin metnaðarfullt skjal en hins vegar vanti að mestu nokkur mikilvæg atriði sem snúa að vörnum og viðbrögðum við alvarlegum smit-sjúkdómum. sighvatur@frettabladid.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir börn og unglinga til að keppa um Íslensku barnabókaverðlaunin 2019.

Skilafrestur er til og með 8. febrúar 2019.

Allar upplýsingar á www.forlagid.is

BETRI NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝÁRSBOMBA BETRI NOTAÐIR BÍLAR KAUPTÚNI

BNB



Toyota RAV4 GX
Bensín, sjálfsk. beisli, hlífar.
Á götuna 8/17 ekinn 21.150 km
Verð 4.990.000,- Rn. 992395
NÝÁRSBOMBA: 4.390.000,-

BNB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 01/17 ekinn 69.700 km
Verð 8.990.000,- Rn. 992853
NÝÁRSBOMBA: 8.390.000,-

BNB



Toyota RAV4 GX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 4/18 ekinn 42.400 km
Verð 5.050.000,- Rn. 992856
NÝÁRSBOMBA: 4.590.000,-

BNB



Toyota RAV4 GX
Bensín, beinsk.
Á götuna 4/18 ekinn 40.700 km
Verð 4.850.000,- Rn. 992680
NÝÁRSBOMBA: 4.190.000,-

BNB



Toyota RAV4 GX
Dísel, beinsk. beisli, bogar, hlífar.
Á götuna 6/17 ekinn 40.300 km
Verð 4.260.000,- Rn. 992709
NÝÁRSBOMBA: 3.690.000,-

BNB



Toyota Yaris Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/18 ekinn 29.900 km
Verð 2.350.000,- Rn. 992840
NÝÁRSBOMBA: 2.150.000,-

BNB



Toyota RAV4 Sport Hybrid
Bensín/rafmagn, sjálfsk. hlífar.
Á götuna 10/17 ekinn 22.500 km
Verð 5.790.000,- Rn. 992805
NÝÁRSBOMBA: 5.380.000,-

BNB



Toyota Prius Plug-in Hybrid
Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 5/18 ekinn 13.600 km
Verð 4.350.000,- Rn. 992684
NÝÁRSBOMBA: 3.950.000,-

Nýársbomba

Nú er frábært tækifæri til að tryggja sér betri notaðan bíl á sérstöku nýársbombuverði. Hann hefur staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og er í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örug og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Pú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
toyotakaupþuni.is

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00


Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir
bílar

UB
Umboðs
bílar

ergo

VERIÐ VELKOMIN Í KAUPTÚN
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR



Ultima Thule. FRÉTTABLAÐIÐ/NASA

Ultima Thule myndað í návígi

GEIMVÍSINDI Bandaríska geimvísindastofnunin NASA birti í dag fyrstu myndina af útstirninu Ultima Thule. Geimfarið New Horizons þaut fram hjá stirninu litla í gær og kannaði í návígi. Aldrei hefur maðurinn kannað jafn fjarlægán hlut.

Ultima Thule er 35 kílómetra breiður steinhnullungur sem tilheyrir Kuiper-beltinu svokallaða handan Neptúnusar og rekur uppruna sinn til árdaga sólkerfisins. Útstirnið hringar sólina á 298 ára fresti.

„Þessi könnun er sögulegt afrek,“ sagði Alan Stern, aðalrannsakandi New Horizons verkefnisins, á blaðamannafundi í gær. „Aldrei áður hefur geimfarir elt uppi svo smáaxið fyrirbæri djúpt í hlyldýpi geimsins á jafn miklum hraða.“

Á næstu dögum og vikum mun New Horizons senda fleiri og mun ýtarlegri myndir af útstirninu í norðri. – khn

Danska þjóðin harmi slegin eftir mannskætt lestarslys

Sex eru látnir og sextán slasaðir eftir alvarlegt lestarslys á Stórabeltisbrúnni í Danmörku í gær. Líklegt að stormviðri hafi valdið slysinu þegar farþegalest og flutningalest full af bjór mættust á brúnni á áttunda tím- anum í gærmorgun. Danadrottning vottar aðstandendum samúð sína. Íslensk kona um borð slapp ómeidd.

DANMÖRK Sex létu lífið og á annan tug slösuðust í lestarslysi á Stórabeltisbrúnni í Danmörku í gærmorgun. Slysið varð þegar farþegalest á leið til Kaupmannahafnar frá Óðinsvéum mætti flutningalest fullri af dönskum bjór. Talið er brak úr tengivögnum flutningalestarinnar hafi fokið á hraðlestina í vonskuveðri sem geislað hefur í Danmörku og víðar á Norðurlöndum síðustu daga.

Stórabeltisbrúin tengir Sjáland og Fjón og er eitt helsta samgöngumannvirki Danmerkur. Rannsókn á slysinu er á frumstigi en haft er eftir Bo Haaning hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa að tómur tengivagn virðist hafa oltið eða fokið um koll. Hann hafi annaðhvort rekist á farþegalestina eða henni verið ekið á vagninn. Ekki liggur þó fyrir hvort tengivagninn hafi valdið slysinu eða aðrir hlutar flutningalestarinnar og ekki er vitað um ástæður þess að tengivagninn datt úr lestinni.

Heyrst hafa þær gagnrýnisráðir í Danmörku eftir slysið að glapræði hafi verið að láta lestir ganga í storminum. Þessu vísa tæknistjórar Sund & Bælt, rekstraraðila brúarinnar, á bug.

„Það var engin takmörkun á lestarsamgöngum vegna vinds,“



Flutningalestin var fulllestuð af dönskum bjór merktum Tuborg og Carlsberg. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Danadrottning harmi slegin

„Ég er slegin yfir þessu hræðilega lestarslysi á Stórabeltisbrúnni,“ segir í yfirlýsingu sem Margrét Danadrottning sendi frá sér í gær vegna slyssins. „Hugur minn og öll mín samúð fer til fjölskyldna hinna látnu og eftirlifenda.“

Fyrr um daginn hafði Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, tekið í sama streng og lýst harmi sínum yfir þessu voveiflegu tíðindum.

„Við erum öll slegin yfir þessu

slysi. Líf venjulegra Dana á leið til vinnu eða heim úr jólafríi hefur verið sett úr skorðum og er í molum,“ sagði ráðherrann. Hann kvað hug sinn vera hjá fjölskyldum hinna látnu og slösuðu og færði viðbragðsaðilum bestu þakkir fyrir frammistöðu þeirra við erfiðar aðstæður á brúnni í gærmorgun.

„Þá þakka ég fjölmörgum kollegum mínum sem hafa sent hugheilar samúðarkveðjur og fylgjast náið með gangi mála.“



segir Kim Agero Nielsen í samtali við danska ríkisútvarpið. Hann segir að vindur hafi verið undir 21 metra á sekúndu á vesturbrúnni þegar slysið varð. Þegar vindur fer yfir 21 metra á sekúndu sé hámarkshraði lesta lækkaður niður í 80 kílómetra á klukkustund. Aðeins ef vindhraði fari yfir 25 metra á sekúndu sé brúnni lokað fyrir umferð.

Veðuraðstæður gerðu björgunar- og leitarhópum erfitt fyrir á slystað í gær. 131 farþegi var um borð í farþegalestinni og þrír starfsmenn þegar slysið varð. Danska lögreglan gat ekki upplýst um aldur eða þjóðerni hinna látnu að svo stöddu. Vitað er um að minnsta kosti eina íslenska konu um borð í lestinni en hana sakaði ekki. mikael@frettabladid.is

Óska eftir að kaupa 50þús króna bíl

Má vera ryðgaður en verður að vera í toppstandi.

Sími: 483 3568.

**DÍN ÚTIVIST
DÍN ÁNÆGJA**

ÚTSALA

20-50%

AF ÚTSÖLUVÖRUM

ICEWEAR MAGASÍN

SMÁRALIND

icewear.is

Kínverjar freista þess að lenda á Tunglinu

GEIMKÖNNUN Talið er að kínverskir vísindamenn muni reyna að lenda Chang'e 4 geimfari sínu á Tunglinu í dag. Heppnist þeim ætluarverkið verður þetta í fyrsta skipti sem geimfarir lendar á fjarhlið Tunglsins. Lendingarstaðurinn þykir einkar heppilegur fyrir rannsóknir á jarðfræði Tunglsins, hin svokallaða Suðurpóls-Aitken-dæld en það er stærsti, elsti og dýpsti gígur Tunglsins.

Kínverska geimvísindastofnunin CNSA hefur ekki gefið út hvenær reynt verði að lenda geimfarinu, en ljóst er að landing er á næsta leiti. Um helgina færði Chang'e 4 sig á sporöskjulaga sporbraut í um 15 kílómetra hæð yfir yfirborði Tunglsins.


Þar sem Chang'e 4 verður á fjarhlið Tunglsins verða samskipti milli geimfarsins og stjórnstöðvar á Jörðu niðri n o k k u ð flókin. Til að koma merkinu til Jarðar þarf að endurvarpa skilaboðum Chang'e 4 af gervitunglinu Queqiao sem einnig er á sporbraut um Tunglið.



Chang'e 4 geimfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/CNSA

Chang'e 4 mun framkvæma ítarlegar mælingar á yfirborði Tunglsins ásamt því að kanna efnasamsetningu jarðvegsins.

Lendingarstaðurinn, Suðurpóls-Aitken-dældin, er talinn hafa myndast til- tölulega stuttu eftir myndun Tunglsins. Gígurinn er gríðarstór, eða um 2.500 kílómetrar að þvermáli og 13 kílómetra djúpur. – khn



Suðurpóls-Aitken-dældin er í bláu.



% ÚTSALAN %
er hafin

GEYSIR

MARKAÐURINN

Ekki rétt að bankinn birti eigin spá

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands telur að birting stýrivaxtaspáferils bankans muni ekki hjálpa til við að upplýsa fjárfesta um líklega þróun vaxtanna. Seðlabankinn hyggst koma á fót vinnuhópi til þess að meta inngrípastefnu bankans á gjaldeyrismarkaði.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands telur ekki rétt að bankinn birti eigin stýrivaxtaspá líkt og starfshópur um ramma peningastefnunnar lagði til síðasta sumar. Nefndin segir að birting spárinnar geti verið afvegaleiðandi og hjálpi ekki til við að upplýsa fjárfesta og almenning um líklega þróun stýrivaxta bankans.

Til viðbótar geti birting spár af hálfu sérfræðinga Seðlabankans, sem er í grundvallaratriðum ólík sýn meirihluta peningastefnunefndar, skapað aukna óvissu á fjármála- mörkuðum.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í viðbrögðum peningastefnunefndar við tillögum starfshópsins, sem Ásgeir Jónsson, dós- ent í hagfræði við Háskóla Íslands,

stýrði, en nefndin fjallaði um tillögurnar á fundi sínum í síðasta mánuði.

Starfshópurinn, sem birti niður- stöður sínar í júní í fyrra, sagði að ein leið til þess að bæta væntinga- stjórnun Seðlabankans væri sú að hagfræðideild bankans myndi birta fjórum sinnum á ári vaxtaspáferla sína sem liggja til grundvallar verðbólguþá bankans. Slikt gæti styrkt markaðsvæntingar og aukið gagnsæi í langtíma vaxtastefnu bankans.

Peningastefnunefndin lýsir sig ósammála afstöðu starfshópsins að þessu leyti og bendir á að vaxtaspá Seðlabankans sé gerð af sérfræðingum bankans og sé því ekki spá peningastefnunefndarinnar. Ósamræmi geti því skapað á milli spár bankans



Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri eru tveir af fimm nefndarmönnum peningastefnunefndar. Breytingar hafa verið gerðar á starfsreglum nefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Birta atkvæði hvers nefndarmanns

Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur gert breytingar á starfsreglum sínum sem felast í því að frá og með fyrsta fundi nefndarinnar á þessu ári skal tilgreina í fundargerð hvers fundar hvernig atkvæði einstakra nefndarmanna féllu.

Hingað til hefur aðeins verið greint frá því einu sinni á ári, í ársskýrslu Seðlabankans, hvernig

einstakir nefndarmenn greiddu atkvæði undangengið ár.

Með breytingunni er komið til móts við eina af tillögum starfshóps Ásgeirs Jónssonar en hópurinn taldi tillöguna til þess fallna að stuðla að aukinni umræðu við hverja vaxtaákvörðun um stefnu Seðlabankans þar sem skoðanir mismunandi nefndarmanna kæmu fram opinberlega.

og væntinga þeirra sem ákveða vexti bankans, það er nefndarmanna í peningastefnunefnd, um framtíðarþróun vaxtanna.

Auk þess telur nefndin að birting spárinnar geti gefið til kynna meiri vissu en í raun sé fyrir hendi. Peningastefna sé ekki „verkfræðilegt“ úrlausnarefni sem hægt sé að leysa með stærðfræðilíkönunum. Til þess sé óvissan of mikil.

Nefndin nefnir sem dæmi að innan hennar séu afar ólíkar skoðanir á því hverjir jafnvægisvextir Seðlabankans séu. Því óttist nefndarmenn að birting einnar spár hjálpi ekki til við að upplýsa markaðinn um líklega þróun vaxta bankans.

Varast að draga línu í sandinn

Peningastefnunefnd Seðlabankans telur enn fremur að hugsa þurfi betur tillögu starfshópsins um að bankinn geri svonefnt „umferðarljósakerfi“ nýsjálenska seðlabankans að inngrípastefnu sinni á gjaldeyrismarkaði. Nefndin segir tillöguna þó skoðunarverða og hyggst á næstu mánuðum koma á fót vinnuhópi sem fær það hlutverk að leggja mat á inngrípastefnu bankans.

Nýsjálenska kerfið lýsir sér í einföldu máli þannig að seðlabankinn beitir einungis inngrípum á gjaldeyrismarkaði ef gengi gjaldmiðilsins, nýsjálenska dalsins, er komið

Það að birta vaxtaspáferil getur gefið til kynna meiri vissu en er í raun til staðar og getur því verið afvegaleiðandi.

Úr viðbrögðum peningastefnu- nefndar Seðlabanka Íslands

umfram það sem samræmt getur grundvallarhagstærðum hagkerfisins. Gjaldeyrisinngrip eru þannig með síðustu viðbrögðum seðlabankans við gengissveiflum og eru því afar fátíð. Skýrar leikreglur gilda einnig um inngrípin.

Peningastefnunefndin bendir í viðbrögðum sínum á að takmörk séu fyrir því hve fyrirsjáanleg gjald- eyrisinngrip seðlabanka geti verið án þess að hætta skapist á að fjárfestar „kröi bankann af og hagnist á einhliða veðmálum. Reynslan hefur sýnt að það getur verið varasamt að seðlabankar dragi línu í sandinn í þessum efnum,“ segir nefndin.

kristinningi@frettabladid.is



Námskeið fyrir matsmenn 15. og 16. janúar

Lögmannafélag Íslands og dómstólasýslan standa fyrir námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið verður yfir hlutverk matsmanna og starf þeirra frá dómkvæðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Þá verður farið yfir ákvæði einkamála laga sem varða störf matsmanna og samningu og uppsetningu matsgerða, undirbúning matsfunda og störf á vettvangi. Í lok síðari námskeiðsdags verður farið í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem nánar er upplýst um samskipti dómkvaddra matsmanna við dómstólana.

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa verið matsmenn eða vilja gefa kost á sér sem matsmenn fyrir dómi á sínu sérsviði, s.s. iðnaðarmönnum, tækni- fræðingum, verkfræðingum, læknum, sálfræðingum, viðskiptafræðingum og endurskoðendum.

Handbók með ítarlegum leiðbeiningum fyrir dómkvadda matsmenn er innifalinn í námskeiðsgjaldi.

Kennarar Viðar Lúðvíksson lögmaður hjá Landslögum og Ragnar Ómarsson byggingafræðingur á Verkfræðistofunni Verkís, formaður Matsmannafélags Íslands.

Staður Kennslustofa Lögmannafélags Íslands, Álftamýri 9, 108 Reykjavík og Héraðsdómur Reykjavíkur.

Tími Alls 7 klst. Þriðjudagur 15. janúar kl. 13.00-16.00 og miðvikudagur 16. janúar kl. 12.30-16.30

Verð kr. 47.000,-

Skráning á www.lmf.is



ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU? Strefen®

Bólguþandi og **verkjastillandi** munnuði við særindum í hálsi



Strefen 16,2 mg/ml munnhólsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálsæringa hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjú daga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfisins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038



Opið virka daga kl. 12-18:30
Laugardag kl. 12-16
Takmarkað magn!

2.-5. jan.

RISA

LAGERSPRENGING

20-70%

afsláttur af skiptidýnum,
eldri gerðum, útlitsgölluðum
dýnum, stillanlegum rúmum,
sófum, náttborðum, koddum,
lökum, hótél baðmottum,
handklæðum, sængurvera-
settum o.fl. o.fl.



Hvíldarstólar



Hvíldarstólar



Sófar



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Frábær tilboð í verslun
meðan á lagersölu standur

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa



Fimm stjörnu verslun

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30
Laugardag 12:00 - 16:00

ALVÖRURU



**25-40%
AFSLÁTTUR**

af allri málningu

Verðdæmi:
Deka Projekt 10L, Gljástig 10. St.A
Verð nú **4.793** kr.
Verð áður **6.390** kr.

Lutool rafhlöðuborvél
24V Li-Ion
Verð nú
8.704
Áður **10.880** kr.



**20%
AFSLÁTTUR**

**Geymslubox og kassar.
Margar stærðir.**
Verð nú frá **218** kr.



**25%
AFSLÁTTUR**

Verðdæmi: Plastkassi 52L m/hjólum og loki
Verð nú **1.343** kr. Verð áður **1.790** kr.

BLÖNDUM ALLA HEIMSINS LITI



**20%
AFSLÁTTUR**

**af öllum
Supacell
LED perum**
Verð frá
236 kr.

Bílskýrkyr- og vatnssuga.
Drive Pro ZD109, 1200W, 18L.
Verð nú **5.832** kr.
Áður **7.290** kr.



**20%
AFSLÁTTUR**



**MIKIÐ
ÚRVAL**

Rafmagnshitablásarar
2kW. til 15kW
Verð nú frá kr.
5.592

**20%
AFSLÁTTUR**

Rafmagnshitablásari
2Kw Verð nú
1.592
Áður **1.990** kr.



**40%
AFSLÁTTUR**

Tu-RWL0430W
LED vinnuljós 30W m/
hleðslubatteri Verð nú
5.994
Áður **9.990** kr.



**50%
AFSLÁTTUR**

Drive slípirokkur
115mm 910W
Verð nú
2.995
Áður **5.990** kr.

Síðerma varmabólur.
Verð nú:
2.792 kr.
Áður **4.990** kr.



**Delta vinnuföt - mikið úrval
af flottum vönduðum fötum**

**20%
AFSLÁTTUR**



Vatnsheld úlpa.
Verð nú:
9.592 kr.
Áður **11.990** kr.

**50%
AFSLÁTTUR**

Spandy 1200W Cyclone
pokalaus heimilsryksuga
4.395
Áður **8.790** kr.



Lutool Combo Kit allt settið aðeins
11.243
Áður kr. 14.990



**25%
AFSLÁTTUR**

Skrúfvél 12V

Stingsög - Sverðsög 12V

Fjölnotatæki
300W



**30%
AFSLÁTTUR**

Olíufylltur
rafmagnsofn
2000W
Verð nú
5.943
Áður **8.490** kr.

**35%
AFSLÁTTUR**

Oulin Florens
eldhústæki
Verð nú
7.729
Áður **11.890** kr.



**20%
AFSLÁTTUR**

Egematur Aria
3.996
Verð áður 4.995



**20%
AFSLÁTTUR**

BOZZ- LH2202
Hitastýrt sturtutæki með
niður eða uppstútt
(rósettur fylgja)
7.112
Áður kr. **8.890**

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Afslættir gilda til 31/1/2019 aðeins á auglýstar vörur og á meðan birgðir endast.

ÚTSALA

CERAVID 



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta. Þýsk gæðavara
29.168
Áður kr. 38.890

Skál: „Scandinavia design“

25% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

Lavor háþrýstidælur
130-180 bör
Verð nú frá:
9.992 kr.

MIKIÐ ÚRVAL



BoZZ sturtuklefar og sturtuhorn
Mikið úrval. Verð nú frá

27.992 kr.



20% AFSLÁTTUR



Harðparket, vínilparket, viðarparket

Allt að 50% AFSLÁTTUR

Verðdæmi:

8mm Harðparket Smoke Eik. Verð nú **770** kr/m² **50%** afsáttur
12mm Harðparket Eik hvíttuð. Verð nú **1.718** kr/m² **25%** afsláttur
14mm Parket Eik hvíttuð Natural. Verð nú **1.995** **50%** afsláttur



LuTool gráðukútsög
254mm blaði
20.168
Áður kr. 26.890

Sög með 305mm blaði
26.918

Sög á mynd m. 305mm blaði

Oulin og Bolego stálvasakar
Margar gerðir

Verð frá
3.294

30-40% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

Gua-543-1 vegghengdur vaskur,
1mm stál, einnig fánlegur í borð

7.794

Áður kr. 12.990

Tower Nano sturtuset
Verð nú:

9.592

Áður kr. 11.990

40% AFSLÁTTUR

Áltröppur og stigar fyrir heimilið og fagmenn. Verð nú frá

3.992 kr.

Tia Pro Trappa 5 þrep.
Verð nú:

15.112

Áður kr. 18.890

20% AFSLÁTTUR



Bíla & gluggaþvottakústur,
gegn um rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun

2.018

Áður kr. 2.690

25% AFSLÁTTUR

Netgíró
Betri leið til að versla



Frá kr.
950 pr. m²

Ceraviva Cementi ljós 60x60 Verð nú **2.392** kr/m²

Prestige hvítar 30x75 Verð nú **2.094** kr/m²

Veggflísar 10x30 Ral 9016 hvít mött Verð nú **1.614** kr/m²

Veggflísar 15x15 dökk grá mött Verð nú **950** kr/m²

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Klukkan tvö



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Ári hverju mætir forsætisráðherra rúmlega hálf tíma of seint í beina útsendingu Kryddsíldarinnar, þar sem árið er gert upp með forystumönnum stjórnmálaflokkanna á Stöð 2. Ástæðan er sú að á sama tíma í Efstaleiti er ávarp forsætisráðherra tekið upp. Hvort tveggja er ómissandi liður hátíðarhaldanna á fjölda íslenskra heimila. Óskiljanlegt er hins vegar af hverju þetta tvennt þarf endilega að skarast.

Þrátt fyrir ítrekaðar umleitningar af hálfu einkamiðilsins sér Ríkisútvarpið sér ekki fært að taka upp ávarpið, sem ekki er sýnt í beinni útsendingu, á neinum öðrum tíma en þeim tveimur klukkustundum sem Kryddsíldin er í loftinu. Þetta er einungis lítið dæmi um yfirgang Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaði, en segir hins vegar heilmikla sögu.

Kryddsíldin er skrautfjöldur Stöðvar 2, einkamiðils sem keppir á ósanngjörnum og rammskökkum fjölmiðlamarkaði, þar sem Ríkisútvarpið er alltumlykjandi. Á meðan einkareknir fjölmiðlar berjast í bökkum, geta stjórnendur í Efstaleiti ekki hugsað sér að láta Stöð 2 eftir eitt dagskrárbil á milli tvö og fjögur, einu sinni á ári.

Þrátt fyrir skýrt og afmarkað hlutverk stofnunarinnar hefur hún á nánast öllum sviðum flækst inn á umráðasvæði einkamiðla. Mýmörg dæmi eru til dæmis um að opinberu fé sé ráðstafað í yfirboð á sápuoperum og erlendum íþróttaviðburðum. Tæplega eru lýðræðisleg rök fyrir slíkri soun á skattfé. Ákall um að ríkið tryggi öllum aðgang að bandarísku læknadrama hefur að minnsta kosti ekki farið hátt.

Til þess að einkareknir fjölmiðlar geti keppt við réttlát skilyrði þarf að ríkja jafnvægi á markaðnum. Ríkisútvarpið, sem sækir árlega milljarða í vasa skattgreiðenda og fær einnig að athafna sig óáreitt á auglýsingamarkaði, má ekki vísvitandi leggja stein í götu einkamiðlanna líkt og raunin er alltof oft. Til að mynda þegar stofnunin batt auglýsingafé fyrirtækja langt fram eftir hausti með auglýsingaþökkum sínum í kringum HM í knattspyrnu í fyrra, á kostnað þeirra sjálfstætt starfandi miðla sem eiga allt sitt undir auglýsingatekjum.

Ríkisútvarpið ætti auðvitað að rifja upp sína sérstöðu og lögbundið hlutverk sitt í almannapágu. Til eru ágætis rök fyrir því að hið opinbera tryggi öllum aðgang að fréttum, fræðslu og lýðræðislegri umræðu. Ríkisútvarpið hefur einfaldlega villst af leið og er í bullandi samkeppni á öllum vígstöðvum við einkamiðlana í ójöfnum leik. Ekkert bendir þó til þess að stjórnendur Ríkisútvarpsins líti þetta sömu augum, enda virðast þeir fyrir löngu hafa gleymt til hvers stofnuninni er haldið úti.

Hér er hins vegar lagt til að forsætisráðherra sýni það í verki að henni sé umhugað um að hér geti þrífist eðlileg flóra fjölmiðla í lýðræðisríki. Hún biðji um að tókum sé einfaldlega flýtt um rúman hálf tíma. Klukkan tvö þurfi hún að vera mætt annað.



Ríkisútvarpið ætti auðvitað að rifja upp sína sérstöðu og lögbundið hlutverk sitt í almannapágu.

Halldór



Frá degi til dags

Ný sýn
Áramótaávarp forsetans féll í nokkuð frjóan jarðveg á Facebook. Björn Þorláksson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, sagði það „fullt af skynsemi, speki og mennsku“ ólíkt því sem hann kallar „sjálflæga staglið“ í forvera Guðna. Þá þakkaði Sirry Árnardóttir forsetanum fyrir „gott ávarp og manneskjulega sýn á lífið“. Bládamadurinn Eiríkur Jónsson er gjarn á að koma auga á fréttina í smáatriðunum og sló upp á vef sínum að forsetinn hafi í ávarpinu frumsýnt ný gleraugu. „Ekki náðist í forsetann við vinnslu fréttarinnar til að spyrja hvar hann hefði keypt þau, hver væri styrkleikinn í glerjum og hvert væri merkið en þau klæða hann vel.“

Nýtt upphaf
Að loknum árum og áramótaskaupinu hlýtur Klaustursþingmönnum sex að vera nokkuð létt enda erfiður og grýttur kaffi að baki. Ólafur Ísleifsson, nú sjálfstæður þingmaður, horfir í það minnsta bjartsýnn fram á veg í áramótakveðju á Facebook þar sem hann segir: „Nýtt ár er runnið upp með væntingum sínum og fyrirheitum. Óska ykkur öllum kærri vinir farsældar á nýju ári um leið og ég þakka ánægjuleg samskipti á því liðna.“ Hugljúf kveðja frá dagfarsprúða hagfræðingnum sem fékk heldur betur að kenna á því hvar Sigmundur Davíð keypti ölið.
thorarinn@frettabladid.is

Bíðum ekki í hundrað ár!



Ögmundur Jónasson
fv. alþingismaður

Eftir hundrað ár verða án efa skrifaðar bækur um hremmingar Kúrda fyrir á tíð. Þá verður vonandi afstaðin sú ofsóknarbylgja sem nú skellur á þeim í byggðum þeirra í Suðaustur-Tyrklandi og Norður-Sýrlandi. Þá munu fjöldamorðin, limlestingarnar, nauðganirnar, frelsissviptingin, heimilismissirinn, atvinnumissirinn – allt af mannavöldum, þykja efni í sögulegan fróðleik frá fyrri tíð.

Við eigum hins vegar ekki að bíða framtíðarinnar til að gráta hlutskipti Kúrda í fortíðinni.

Parisardómstóllinn, sá hinn sami og þeir Bertrand Russell og Jean-Paul Sartre settu á laggirnar á sjöunda áratug síðustu aldar til að rannsaka stríðsglæpi Bandaríkjamanna í Vietnam og síðan hefur tekið fyrir fjölda annarra ámóta viðfangsefna, komst að þeirri niðurstöðu í fyrra eftir ítarlegar vitnaleiðslur að óyggjandi væri að framdir hefðu verið stórfelldir stríðsglæpir í Kúrdahéruðum Tyrklands.

Vitað er að hið sama er að endurtaka sig í Kúrdahéruðum Norður-Sýrlands og fer spennan vaxandi þessa dagana, eins og fram hefur komið í fréttum. Þarna hafa Tyrkir verið í slagtofi með ISIS-sveitunum illræmdu um nokkurt skeið þótt stundum hafi þeir reynt að leika tveim skjöldum. Eftir að innrás þeirra hófst í janúar í fyrra og eftir að þeir náðu Afrin á sitt vald, var ekki lengur blöðum um að fletta hve náði samstarf Tyrkja var við ISIS. Kúrdar, kristnir menn og gyðingar voru hraktir frá heimilum sínum í Afrin og þau fengin ISIS-liðum í hendur. Hinar galvösku Kúrdakonur, annálaðar fyrir staðfestu og hugdirfsku í stríðinu við ISIS, voru komnar á bak við slæður og búrkur að valdbóði innrásarsins og ISIS.

Og þá er spurningin, hvers vegna bíða í hundrað ár til að lesa um ofbeldi fyrri tíðar? Hví ekki mótmæla núna á meðan ofbeldið á sér stað?

Tvö vitni frá Parisardómstólnum verða á opnum klukkutíma fundi í Safnahúsinu á Hverfisgötu á laugardag. Fyrsta skrefið er að kynna sér málavöxtu. Það stendur til boða á laugardag.



Og þá er spurningin, hvers vegna bíða í hundrað ár til að lesa um ofbeldi fyrri tíðar? Hví ekki mótmæla núna á meðan ofbeldið á sér stað?



Byrjaðu árið með stæl

Vitamix blandararnir eiga sér engan jafningja.

Mylja nánast hvað sem er. Búa til heita súpu og ís.

Verð frá 94.999
25% afsláttur af aukakönnum



Rauðagerói 25 108 Rvk Simi 440-1800 www.kaelitaekni.is

Þjóðsöngvar, símtöl og stjórnarskrár

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

[Lögreglustjóra] ... brenndi gögnin til ósku í götöttri oliutunnu. Af varð „mikill reykur“, eins og haft var við orð í þeim fámenna hópi, sem vissi um þessa brennu“ skv. prentaðri frásögn Þórs Whitehead prófessors frá 2006.

Allt hefur sinn stað og stund
Þjóðsöngvar eru með líku lagi misjafnir að gæðum. Þjóðsöngur Alsírþúa geymir þessar ljóðlinur í lauslegri þýðingu minni: „Þegar við töluðum hlustaði enginn á okkur svo við gerðum rjúkandi þúður að rytma okkar og ljúfan vélbyssugný að lögnum sem við syngjum.“ Ítalski þjóðsöngurinn skartar þessari línu: „Austurríski órninn flýgur fjaðralaus.“ Víetnamar syngja: „Leiðin til dýrðar er vörðuð líðnum líkum óvina okkar.“ Í ísraelska þjóðsöngnum koma fyrir orðin „eldfjall hefndarmorða minna“. Virk eldfjöll koma ekki fyrir í öðrum þjóðsöngnum svo ég viti.

Það er þó frekar sjaldgæft að þjóðsöngvar séu hafðir til að atast í andstæðingum eða yfa upp önnur illindi líkt og í dæmunum að framan. Enn sjaldgæfara er að nafngreina menn í þjóðsöngvum. Pólland er undantekning. Pólverjar syngja: „Fram til sigurs, Dabrowski“. Hvatningunni er beint til Jans Henryks Dabrowski hershöfðingja (1755-1818).

Reykjavík – Símtöl eru misjöfn að gæðum eins og Guðmundur Ólafsson hagfræðingur segir stundum, og þau skila mismiklu. Hann sagði mér frá heimsókn Williams Rogers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Árnagarð, hús Háskóla Íslands, 1972. Richard Nixon sat á stríðsstóli í Hvíta húsinu. Víetnamstríðið vakti megnandúð um allan heim.

Æskulýðsfylkingin o.fl. vildu fá frið til að mótmæla komu ráðherrans í Árnagarð. Til að fá frið hringdu þau hvert í annað og þóttust leggja á ráðin um fjölmennan mótmælafund í Garðabænum eða hvar það nú var. Löggan þusti þangað og kommarnir hlógu sig máttlausa. Rogers hvarf úr embætti árið eftir.

Nokkru síðar, 1976, lét lögreglustjórinn í Reykjavík „farga mestum hluta af því skjalasafni, sem lögreglan hafði komið sér upp um kommúnista. Trúnaðarmaður



Æskulýðsfylkingin o.fl. vildu fá frið til að mótmæla komu ráðherrans í Árnagarð. Til að fá frið hringdu þau hvert í annað og þóttust leggja á ráðin um fjölmennan mótmælafund í Garðabænum eða hvar það nú var. Löggan þusti þangað og kommarnir hlógu sig máttlausa.

Við förum aðra leið. Við syngjum um „eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár“ frekar en að mæra Skúla fögeta eða fjarngvíðrast út í Dani. Séra Matthías kunnir tókin. Mannanöfn eiga ekki heima í þjóðsöngvum.

Kínverska stjórnarskráin
Mannanöfn eiga ekki heldur heima í stjórnarskrám. Kínverjar líta málið þó öðrum augum. Þeir breyttu stjórnarskrá sinni í fyrria. Þar voru áður nefndir með nafni leiðtogarnir Mao Zedong sem leiddi kommúnista til valda í Kína 1949 og Deng Xiaoping sem upphóf markaðsbúskap í landinu 1978. Og nú hefur Xi Jinping, forseta Kína og aðalritara

Kommúnistaflokksins, verið bætt í púkkið. Hann vill ekki vera minni maður en hinir tveir. Flokkurinn sér um sína og leyfir þeim jafnvel að hreiðra um sig í stjórnarskránni eins og til að undirstrika að menn eru ofar lögum í Kína. Þjóðsöngur Kína frá 1935 hefur m.a.s. verið bundinn í stjórnarskrá landsins síðan 2004. Kínverjum fórst þó ekki vel við Tian Han, skáldið sem skaffaði textann. Hann var myrtur í menningarbyltingunni 1968.

Flestir þjóðsöngvar sem ég hef heyrt þykja mér fallegir. Þjóðsöngur Indverja eftir bengalska skáldið Rabindranath Tagore, bæði ljóð og lag, þykir mér ægífagur. Texti skáldsins fjallar um landið frekar en fólk. Tagore var sámdur bókmenntaverðlaunum Nóbels 1913, fyrstur skálda utan Evrópu.

Rússland, Nígería, Ísland
Ambögur fyrirfinnast í þjóðsöngvum, víst er það, en þær eru sjaldgæfar í stjórnarskrám. Það er eins og menn vandi sig jafnan meira við stjórnarskrár sínar en við sjálfan þjóðsönginn, taki grundvallarlögin fram yfir listina.

Í rússnesku stjórnarskránni frá 1993 er að finna auðlindaákvæði sem hljóðar svo í þýðingu minni: „Landið og aðrar náttúruauðlindir mega vera í eigu einkaaðila, ríkisins,

sveitarfélaga og lúta öðru eignarhaldi.“ Ákvæðið er haldlaust eins og til stóð og hefur gert einkavinum valdsins kleift að sölsa undir sig auðlindirnar. Auðlindaákvæðið í stjórnarskrá Nígeríu frá 1999 er ívið skárra en er þó einnig haldlið. Þar segir að „ríkið skuli stefna að því að tryggja að auðlindir þjóðarinnar séu nýttar og þeim skipt eins og vel og hægt er í almannabágu“. Þar eins og í Rússlandi hafa vel tengdir vinir valdsins látið greipar sópa um „auðlindir þjóðarinnar“ sem svo eru þó nefndar í stjórnarskránni.

Haldbeztu auðlindaákvæði heimsins til þessa er að finna í nýju íslensku stjórnarskránni, ákvæði sem 83% kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012, og í frumvarpi frá 2010 að færeyskri stjórnarskrá sem Færeingar hafa ekki enn fengið að kjósa um.

Eina hallærislegustu ambögu allra stjórnarskráa er að finna í núgildandi stjórnarskrá Íslands frá 1944:

„Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.“

Alþingi stendur stífan heiðursvörð um hallærið – „helgan gjörning“ sem Morgunblaðið hefur kallað svo.

Þingmaður, og svarið er ...



Guðmundur Andri Thorsson þingmaður Samfylkingarinnar



Þingmenn eru trúnaðarmenn fólksins og sækja umboð sitt til kjósenda sinna og kjósendahópa og hér taldi þríforkurinn sem myndar ríkisstjórnina sig greinilega vera að þjóna sínum mikilvægasta kjósendahópi: útgerðarfyrirtækjunum

með góðum rökum heldur hinu að segja sem fæst í sem flestum orðum; draga umræður á langinn, tefja þingstörfin með umræðum um hvaðeina annað sem er á dagskrá – og jafnvel ekki á dagskrá. Það kom vel á vandan fyrir mig að taka þátt í slíku því að einu sinni skrifaði ég grein hér í blaðið um málþóf sem ég sagði vera „sjálfsöfnæmi þingræðisins“. Nú hef ég komist að því að þetta er eina leiðin sem stjórnarandstaðan hefur til að ríkisstjórnarmeirihlutinn hverju sinni virði sjónarmið hennar. Maður þarf hreinlega að taka ræðustól Alþingis í gíslingu.

Þingmaður, og svarið er: málþóf.
IV Ríkisstjórninni tókst um síðir og með harðfyllgi að hafa sitt fram og lækka gjöld útgerðarinnar til þjóðarinnar fyrir afnot af þeirri miklu auðlind sem hér syndir kringum landið. Ekki fór á milli mála þunginn í tali ráðherranna og mikilvægi málsins þegar það var til umræðu á þingi. Það snerist um grundvallaratriði. Þingmenn eru trúnaðarmenn fólksins og sækja umboð sitt til kjósenda sinna og kjósendahópa og hér taldi þríforkurinn sem myndar ríkisstjórnina sig greinilega vera að þjóna sínum mikilvægasta kjósendahópi: útgerðarfyrirtækjunum. Það var verið að styrkja rekstrargrundvöll þeirra fyrirækja sem starfa í sjávarútvegi, burtséð frá stöðu þeirra að öðru leyti og burtséð frá því grundvallaratriði, sem stjórnarandstaðan aðhyllist, að fá sem mest verðmæti út úr auðlindinni, þjóðinni allri til hagsbóta. Ríkisstjórnin var í þessu máli, að standa vörð um ríkjandi kerfi, rétt eins og hún gerir í landbúnaði og ferðaþjónustu og stóriðju.

Þingmaður og svarið er: hagsmunir.

Öll þau sem ég hitti á förnum vegi fyrstu mánuðina eftir að ég var kosinn á þing söngluðu við mig glottandi: „Þingmaður, og svarið er ...“ Öll: meira að segja kóngurinn sjálfur. Ég varð alltaf hálfkíndarlegur – vissi ekki hverju ég átti að svara: já eða nei nei – eða bara: tja, hvað finnst þér? Veit það varla enn.

II Ríkisstjórnin samþykkti valdar breytingartillögur Samfylkingarinnar við fjárlög og síðar fjáruaflög. En hún gerði það með sínum hætti. Hún lét líð sitt fella tillögurnar í þingsal með tali um yfirborðsmennsku og næg framlög en svo tók ráðherra þessar tillögur og gerði að sínum, rétt fyrir jól. Hér var um að ræða aukin fjárframlög til heilbrigðisstofnana víða um land og það var heilbrigðisráðherra sem þarna notaði ríkissjóð eins og sérstakan kreditkortareikning sinn.

Það hefði verið óhugsandi að samþykkja breytingartillögur Samfylkingarinnar við fjárlög, hversu réttmætar sem þær kynnu að vera. Samfylkingin er nefnilega í stjórnarandstöðu. Og samþykki maður breytingartillögur frá stjórnarandstöðuflokki sýnir það veikleika. Og það er sjálf dauðasyndin hér í pólitíkinni og alveg andstætt þeirri meginreglu íslenskra stjórn mála að sigurvegarinn eignist allt og ráði öllu.

Og sigurvegarinn er sá sem kemst í ríkisstjórn hverju sinni – ekki endilega sá sem fær eindregna umboð frá kjósendum.

Þingmaður og svarið er: The Winner takes it all.

III Á minni stuttu þingmannstíð hefur stjórnarandstaða þrivesis náð að fá ríkisstjórnina ofan af fyrirætlunum sínum. Fyrst því áformi að láta efniskostnað af iðnnámi lenda á nemendum; síðan að knýja fram veiðigjaldalækkun og loks nú fyrir jól, að koma á veggjöldum.

Aðferðin við að fá ríkisstjórn ofan af vitleysunni hefur alltaf verið sú sama: ekki að telja henni hugvarf

Ráðgjöf

Fræðsla

Forvarnir

“Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir..”

Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is

Doktor.is

Strella og Yoga
Ert þú með heimilislækni?
NÝTT LÍF MED FULLRI REISN

Er verkalyðsforystan blind fyrir stærsta hagsmunamálinu?



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsvíslumaður

Á síðustu mánuðum hafa launþegasamtökin verið að setja fram kröfur sínar, en, eins og kunnugt er, eru kjarasamningar að renna út. Það vekur athygli, að leiðtogar launþega hafa forðast umræðuna um gjaldmiðilinn, krónuna, en þeir eru samt – og það réttilega – að fást mikið yfir þeim okurvöxtum, sem hún veldur.

Sér þetta ágæta fólk ekki beint samband krónu og okurvaxta? Skilur þetta fólk ekki, að orsakavaldur hárra vaxta er fyrst og fremst veik, sveiflukennd og óútreiknanleg króna, og, að ekki verður komizt fyrir rætur vaxtavandans, nema með því að skipta um gjaldmiðil; fara yfir í evruna, sem reyndar er stöðugasti og sterkasti gjaldmiðill heims.

Forysta launþega virðist halda, að Seðlabanki og ríkisstjórn beri aðalábyrgð á þeim yfirkeyrðu vöxtum, sem í gangi eru. Að nokkru er þetta rétt. Stefna Seðlabanka í vaxtamálum er með öllu úrelt, og samræmist engan veginn þeirri lágvaxtastefnu, sem aðrir vestrænir seðlabankar hafa fylgt síðustu 10 árin.

Enginn nema íslenskur seðlabankastjóri hefur lagt raunvexti til grundvallar sinni vaxtastefnu, auk þess, sem þessir raunvextir hafa verið reiknaðir út á mjög vafasam-

an hátt; með því að taka húsnæðiskostnað inn í vísitöluútreikning og reikna síðan raunvexti ofan á þá vísitölu.

Ef húsnæðiskostnaður hefði ekki verið inn í íslenskri framfærsluvísitölu, hefði verðbólga hér síðustu fjögur árin verið lítil eða engin, oft í mínus. Svo, þó að seðlabankastjóri hefði viljað halda sínu úrelta raunvaxtastriki, þá hefðu stýrivextir ekki þurft að vera nema 1-2%.

Að þessu leyti má réttilega sakast við Seðlabanka um þá miklu vaxtabyrði, sem skuldarar landsins hafa mátt bera, margfalt það, sem gerist í nágrannalöndunum, en, þó að forsætisráðherra sé yfir Seðlabanka og geti haft þar áhrif á ákveðna þætti, getur hann ekki hlutast mikið til um vaxtastefnuna, vegna sjálfstæðis Seðlabanka. Ríkisstjórnin getur þó haft óbein áhrif á vaxtastefnuna með vali manna í peningastefnunefnd.

Hinn stórfelldi vaxtavandi er því fyrst og fremst afleiðing af handónýtum gjaldmiðli, krónunni, sem hoppar upp og niður, oft án nokkurrá réttra ástæðna, og enginn veit, hvert fer eða hvar endar.

Sjá forustumenn launþega og verkalyðshreyfingarinnar þetta virkilega ekki? Og, ef þeir sjá það, af hverju í ósköpunum setja þeir þá nýjan og traustan lágvaxtagjaldmiðil, evruna, ekki eftir á sinn baráttulista? Treystir þetta fólk sér ekki í stóra slaginn?

Það þarf ekki mikla reiknimeistara til að sjá, hverjar klyfjar hávextir krónunnar leggja á herðar skuldara landsins. Nú síðustu mánuði hefur krónan fallið um 10%. Reynslan sýnir, að um helmingur slíks gengisfalls fer fljótlega út í



Venjulegt fólk, sem kaupir sér íbúð á 50 milljónir, tekur lán upp á 40 milljónir og þarf að borga af því 6,5% vexti, er með vaxtabyrði upp á 2,6 milljónir á ári; 217 þúsund á mánuði. Í evrulandi mætti fá svona lán með 1,5% vöxtum, sem þýðir vaxtabyrði upp á 600 þúsund á ári af 40 milljón króna láni; 50 þúsund á mánuði.

verðlagið; 5%. Það blessaða fólk, sem álpaðist til að taka verðtryggt lán, og skuldar, kannski, 40 milljónir, er nú í einu veffangi orðið tveimur milljónum króna fátækara.

Venjulegt fólk, sem kaupir sér íbúð á 50 milljónir, tekur lán upp á 40 milljónir og þarf að borga af því 6,5% vexti, er með vaxtabyrði upp á 2,6 milljónir á ári; 217 þúsund á mánuði.

Í evrulandi mætti fá svona lán með 1,5% vöxtum, sem þýðir vaxtabyrði upp á 600 þúsund á ári af 40 milljóna króna láni; 50 þúsund á mánuði. Umframgreiðsla Íslendinginsins kr. 167 þúsund á mánuði.

Hvar annars staðar finnur forysta launþega annan eins ávinning fyrir sína umbjóðendur, svo að ekki sé nú talað um þann stöðugleika og það öryggi, sem evru myndi fylgja?

Öryggi og víska um það, hvar maður stendur, er auðvitað stórfelld velferðarmál.



Á sama hátt og hávextir kyla upp kostnað húsnæðis kaupenda, heldur það auðvitað uppi leiguverði, en húsbýggjendur og þeir, sem fjárfesta í húsnæði, leigusalarnir, verða líka að borga okurvexti krónunnar.

Það sama gildir um vaxtabyrði verzlunar- og þjónustufyrirtækja, sem að sjálfsgöðu verða að hækka sitt vöru- eða þjónustuverð til samræmis. Vaxtaokrið gegnumsvír allt þjóðfélagið, en í lok dags eru það launþegar og neytendur, almenníngur í landinu, sem verða að greiða þennan kostnað.

Skuldsetning Íslendinga mun vera um 6.000 milljarðar. Ef meðalvextir, sem almenningur, fyrirtæki, sveitarfélög og ríkissjóður þurfa að greiða af þessari skuld er 6%, þá eru vextir einir 300 milljarðar á ári. Á evrusvæðinu gætu þessir vextir verið 2%. Sparnaður 4%, sem jafngildir 240 milljörðum á ári.

Fyrir það fé mætti endurbýggja allt vegakerfi landins, árlega, eða byggja þrjá nýja Landspítala, líka árlega, svo dæmi séu nefnd.

Drifa, Ragnar Þór og Sólveig Anna; í guðanna bænum opnið þið augun!

Álframleiðsla og hringrásarhagkerfið



Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri Landverndar

Guðni Jóhannesson orku- málástjóri og Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður eru menn á besta aldri í góðum stöðum sem báðir hafa á síðustu dögum gert myndina Kona fer í stríð að umtals- efni í skrifum sínum. Þeim virðist mislíka mjög margt í myndinni.

Það kemur reyndar ekki sérstaklega á óvart því fyrirfram hafa væntanlega fáir gert ráð fyrir að þeir ættu auðvelt með að samsama sig aðal- söguhetju myndarinnar, einhleypru konu og náttúruunnanda sem ekki þarf að bjarga.

Guðni reynir enn að hefja mál- bræðslu á Íslandi upp sem e.k. lausn á loftslagsvandunum og finnur það myndinni helst til foráttu að hún gengur út frá því að náttúruvernd og loftslagsmál fari saman. Þessa Guðna er að alið sem hér er brætt úr súráli sem numið var með hræðilegum kostnaði fyrir umhverfið, yrði ella unnið með kolaorku. Samt hefur honum margoft verið bent



Okkar stóra verkefni næsta áratuginn er að koma upp hringrásarhagkerfi og draga úr neyslu í víðasta skilningi orðsins. Þannig náum við skjóttum árangri í loftslagsmálum.

á hversu rangt er að halda þessu fram. Enginn hefur enn sýnt fram á að álframleiðsla í heiminum sé

undanskilin lögmáli framboðs og eftirspurnar. Heimsframleiðsla á áli er með öðrum orðum ekki fasti og alls ekki hægt að ganga út frá því að jafngildi þess áls sem framleitt er hér yrði framleitt annars staðar með óhreinni orku.

Við höfum skapað hér á Íslandi aðstæður sem gera það aðlaðandi fyrir alþjóðleg risafyrirtæki að setja upp mengandi framleiðslu. Þessi fyrirtæki, sem flokkast hátt á listum yfir mestu mengunarvalda heims, starfa þar sem aðstæður eru þeim hagfelldar og koma eingöngu til Íslands vegna þess að hér fá þau mjög ódyrt rafmagn – og aðgang að leiðitömu stjórnmálafólki og

„þægilegum“ embættismönnum og stjórnsýslu.

Okkar stóra verkefni næsta áratuginn er að koma upp hringrásarhagkerfi og draga úr neyslu í víðasta skilningi orðsins. Þannig náum við skjóttum árangri í loftslagsmálum. Ál er frábær málmur inn í hringrásarhagkerfið því hann er hægt að endurvinnna nánast endalaust. Þar á fokusinn að vera, að endurvinnna álið sem við eigum nú þegar. Verndun náttúru með öflugri gróður- og jarðvegsvornd er mikilvæg loftslagsaðgerð. Orkufrekur málmiðnaður með tilheyrandi eyðileggingu náttúru, mengun og losun gróðurhúsalofttegunda er það ekki.

Litla stúlkan með eldvörpuna



Sverrir Björnsson
hönnuður

Þá eru hátíðarnar að baki þá við kepptumst við að Baggalútaf í nýju náttfötunum með konfekt og huggulegheit og reyndum af fremsta megni að njóta stundarinnar, vera dálítið í núnu. Konunni minni finnst svo yndislegt á jólum og áramótum að það eru allir að gera það sama. Er það ekki bara? Hafið þið heyrt áramótasögu H.C.

Andersen, Litla stúlkan með eldspýturnar?

Það er saga sem enginn gleymir sem heyrst hefur. Sagan segir í stuttu máli frá litilli fátækri stúlku sem ráfar um göturnar á gamlárskvöld. Hún er að selja eldspýtnabúnt en enginn hefur keypt neitt af henni svo hún þorir ekki heim, því þá mun pabbi hennar misþyrma henni. Og það er svo sem ekki mikið hlýrra heima en í snjóbylnum á götunni. Örmagna af kulda sest litla stúlkan í skot við götuna. Henni er svo kalt að hún freistast til að kveikja á einni eldspýtu og svo enn einni og svo annarri. Í logunum sér hún í gegnum veggina inná fallega skreytt heimili efnafólks þar sem borðin svigna undan gæsasteikum og öðru

góðgæti. Að lokum kveikir hún í heilu eldspýtnabúnti, þá birtist amma hennar af himnum og sækir hana. Um morguninn sjá vegfar- endur litla stúlku í keng á skreyttu strætinu, hún er króknuð úr kulda. Þannig lýkur þessari nistandi fallegu sögu en ef ég man rétt var það síðasta sem litla stúlkan sagði: „I will be back.“

Kannski var það í einhverri ann- arri sögu en allavega nú 173 árum síðar er hún komin aftur. Og henni er ekki hlátur í huga. Hún er foxill, skiljanlega í ljósi sögunnar. Hún er búin að fá nóg af fátækt, kúgun og ofbeldi. Hún er steinhissa á að þrátt fyrir tæknibyltingar og samfélags- framfarir eru ennþá þúsundir barna fátæk á Íslandi og fjöldi fullvinnandi



Hún er steinhissa á að þrátt fyrir tæknibyltingar og samfélagsframfarir eru ennþá þúsundir barna fátæk á Íslandi og fjöldi fullvinnandi kvenna.

kvenna. Hún er hundleið á að horfa inná heimili efnafólks, hvort sem það er tertubakstur í Garðabænum eða kampavíns- og humarveislur úti

á Seltjarnarnesi. Endalausar skjá- myndir af hlíðarveruleika þess lífs sem hún lifir. Hennar veruleiki er ennþá strit og kynbundið ofbeldi, í launaumslögum, orðum og verkum. Nú ætlar hún ekki að koðna niður og deyja úti horni. Hún er mætt og berst fyrir sínu af miklu afli.

Þú þekkir hana. Þú hittir hana á netinu, séró hana í fréttunum, hittir hana á mótmælum og mætir henni á götu á hverjum degi. Hún heitir Sólveig Anna Jónsdóttir. Hún heitir Stephanie Rósa Bosma. Hún heitir Sanna Magdalena Mörtdóttir. Hún heitir Lára Hanna Einarsdóttir og óteljandi öðrum nöfnum baráttu- kvenna fyrir betra lífi. Af einni eld- spýtu er litill logi en af þúsundum verður mikið bál.

PIER

30-70%

AFSLÁTTUR AF
ÚTSÖLUVÖRUM

ÚTSALA

20%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM

SMÁRATORG
MÁN-FÖS: 11-18.30
LAU: 10-18
SUN: 12-18

KORPUTORG
MÁN-FÖS: 11-18.30
LAU: 12-18
SUN: 12-18

SELFOSS
MÁN-FÖS: 11-18.30
LAU: 10-18
SUN: 12-18

PIER
www.pier.is

Liverpool getur sett átta fingur á titilinn í Manchester í kvöld

Liverpool sækir Manchester City heim í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla í 21. umferð deildarinnar á Etihad-leikvanginum í kvöld. Liverpool nær níu stiga forskoti á toppi deildarinnar með sigri í þessum leik, en Manchester City þarf nauðsynlega á sigri að halda til þess að halda lífi í titilvörninni.

ENSKI BOLTINN Stuðningsmenn Liverpool hafa beðið í tæp 29 ár eftir þeirri tilfinningu að fá að sjá leikmenn liðsins lyfta enska meistaratitlinum í knattspyrnu karla. Nú er liðið með sex stiga forystu á toppnum þegar 20 umferðir hafa verið leiknar. Liðið heimsækir ríkjandi meistara Manchester City á Etihad-leikvanginn í kvöld og getur komið sér í ansi þægilega stöðu í baráttu sinni um að verða enskur meistari í 19. skipti í sögu félagsins í vor.

Síðan Liverpool varð meistari árið 1999 hefur það lið sem situr á toppi deildarinnar yfir jólahátíðina oftast nær staðið uppi sem sigurvegari vorið eftir. Þeir sem hafa stutt Liverpool í blíðu og stríðu minna sig hins vegar á það að liðið var í þeim sporum bæði tímabilin 2008-09 og 2013-14, en liðinu tókst ekki að enda biðina löngu þá. Þeir vilja því margir hverjir ekki fara á flug í að láta sig dreyma um að geta aftur kallað sig ríkjandi meistara, en láta sér nægja að gaspra um það í lokuðum hópum að nú hljóti að vera komið að stóru stundinni.

Manchester City hóf leiktíðina af sama krafti og liðið endaði deildina síðasta vor. Eftir að hafa gert markalaust jafntefli við Liverpool í fyrri umferð deildarinnar á Anfield fylgdu sjö sigurleikir í deildinni í röð. Þá tapaði liðið þremur af næstu fjórum deildarleikjum sínum og liðið er fyrir þennan leik í þriðja sæti deildarinnar með 47 stig, stigi á eftir Tottenham Hotspur sem er í öðru sæti með 48 stig og sjö stigum á eftir andstæðingi sínum í kvöld.

Margir telja að taphrinu Manchester City megi skýra með brottfarvi Benjamins Mendy og svo því að Fernandinho, Sergio Agüero og Kevin De Bruyne hafi verið meiddir en þeir eru að skriða saman eftir meiðsli á þessum tímabili. Fernandinho var á sínum stað sem akkerið inni á miðsvæðinu hjá Manchester City þegar liðið komst aftur á sigurbraut með 3-1 sigri á Southampton í síðustu umferð og Agüero skoraði eitt mark liðsins í þeim leik.



Jürgen Klopp sem stýrir Liverpool og Pep Guardiola, stjóri Manchester City, leiða saman hesta sína á Etihad-vellinum. Úrslit leiksins ráða miklu um framhaldið í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu. NORDICPHOTOSGETTY

» Aðeins Liverpool hefur verið á toppi ensku deildarinnar um jólin án þess að verða svo meistari.

8

Liverpool hefur sigrað í síðustu átta leikjum sínum í öllum keppnum.

Óvíst er aftur á móti hvort Pep Guardiola geti teft fram Kevin De Bruyne í kvöld. Belgíski sóknartengiliðurinn æfði með liðinu í gær og tekin verður ákvörðun í dag um hvort hann sé leikfær eður ei.

Liverpool hefur hins vegar haft betur í síðustu átta leikjum sínum í öllum keppnum eða frá því að liðið laut í lægra haldi fyrir PSG í næst-síðustu umferð riðlakeppninnar í Meistaradeild Evrópu í lok nóvember. Liðið kom sér með þessum sigrum áfram í 16 liða úrslit Meistaradeildarinnar og í þægilegt forskot á toppi deildarinnar. Liverpool fór illa með Arsenal í síðustu umferð þar

sem lokatölur urðu 5-1, en Roberto Firmino sem hafði haft hægt um sig í markaskorun fram að því skoraði þrennu í þeim leik.

Jafntefli í leiknum í kvöld viðheldur þeirri stöðu sem liðið er í, en sigur myndi mögulega koma stuðningsmönnum Liverpool úr lokuðum hópum og fram í dagsljósið og á samfélagsmiðla þar sem básúnað verður að nú verði stuðningsmenn annarra liða að trúa því að liðið bæti 19. meistaratitlinum í safn sitt og minnki forskot Manchester United sem sigursælasta liðs í sögu ensku efstu deildarinnar í einn titil. hjorvaro@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin



Huddersfield - Burnley 1-2

1-0 Steve Mounie (33.), 1-1 Charlie Wood (40.), 1-2 Ashley Barnes (73.).

Rautt spjald: Christopher Schindler (41.), Robbie Brady (90.).

Chelsea - Southampton 0-0

Bournemouth - Watford 3-3
0-1 Troy Deeney (14.), 0-2 Deeney (27.), 1-2 Nathan Aké (34.), 2-2 Callum Wilson (37.), 2-3 Ken Sema (37.), 3-3 Ryan Fraser (40.).

West Ham - Brighton 2-2

0-1 Dale Stephens (56.), 0-2 Shane Duffy (58.), 1-2 Marko Arnautovic (66.), 2-2 Arnautovic (68.).

Wolves - Crystal Palace 0-2

0-1 Jordan Ayew (83.), 0-2 Luka Milivojevic, viti (90+4.).

Newcastle - Man. United 0-2

0-1 Romelu Lukaku (64.), 0-2 Marcus Rashford (80.).

Vonarstjarna Bandaríkjanna til Chelsea

FÓTBOLTI Bandaríski sóknartengiliðurinn Christian Pulisic skrifaði í gær undir samning hjá Chelsea en hann gengur til liðs við félagið frá Dortmund í sumar. Með því hafði Chelsea betur í kapphlaupi við mörg af stærstu liðum Evrópu um skærustu stjörnu Bandaríkjanna í knattspyrnu þrátt fyrir að Pulisic sé aðeins tvítugur að aldri.

Chelsea greiðir tæplega sextíu milljónir punda fyrir Pulisic sem átti átján mánuði eftir af samningi sínum í Þýskalandi. Með því er Pulisic þriðji dýrasti leikmaðurinn í sögu félagsins á eftir Kepa Arrizabalaga og Alvaro Morata og dýrasti bandaríski leikmaðurinn í sögunni. Hann mun klára tímabilið hjá Dortmund sem er í harðri baráttu um titilinn heima fyrir áður en hann leikur fyrsta leik sinn fyrir Chelsea.

Pulisic skaut fram á sjónarsviðið með liði Dortmund aðeins átján ára gamall og hefur alls leikið 115 leiki fyrir þýska félagið þrátt fyrir ungan aldur en hlutverk hans hefur farið minnkandi eftir komu Jadons Sancho til Dortmund. Með bandaríska landsliðinu hefur hann leikið 23 leiki og skorað í þeim níu mörk og bar fyrirliðabandið í fyrsta sinn á dögnum. Varð Pulisic með því yngsti fyrirliðinn í sögu bandaríska landsliðsins og er honum ætlað að leiða liðið næsta áratuginn. – kpt



Hinn bandaríski Pulisic.

Fyrsta stóra prófið í undirbúningnum

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætir Noregi í fjögurra liða æfingamóti sem fram fer á norskri grundu næstu daga. Þetta verður mun meiri prófsteinn á liðið en fyrstu æfingaleikri liðsins í undirbúningi sínum fyrir heimsmeistaramótið sem hefst í Þýskalandi og Danmörku eftir rúma viku.

Guðmundur Þórður Guðmundsson fór með 17 leikmenn til Noregs í leikina; gegn Noregi sem leikinn verður klukkan 17.15 að íslenskum tíma í dag, síðan Brasilíu og Hollandi. Ísland leikur við Brasilíu á laugardaginn og Erling Richardsson og lærisveina hans í hollenska liðinu á sunnudaginn kemur.

Arnar Freyr Arnarsson mun ekki leika með íslenska liðinu í þessum leikjum vegna meiðsla á nefi og Stefán Rafn Sigurmannsson ferðað-



Aron Pálmarsson verður í eldlinunni með íslenska landsliðinu í handbolta þegar liðið mætir Noregi í æfingaleik ytra síðdegis í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ist ekki með liðinu til Noregs vegna veikinda sinna.

Heimir Óli Heimisson kemur inn í íslenska hópinn í stað Arnars

Freys, en Guðjón Valur Sigurðsson verður eini hreinræktaði vinstri hornamaðurinn í hópnum í þessum leikjum. Þá kemur Ágúst Elí

Björgvinsson inn í markvarðasveit íslenska liðsins frá stórsigrinum gegn Aroni Kristjánssyni og liðsmönnum hans hjá Barein milli jóla og nýárs.

Arnar Birkir Hálfánarson, Haukur Þrastarson, Ágúst Birgisson og Ódinn Þór Ríkhartsson sem léku með liðinu gegn Barein munu ekki vera í leikmannahópnum að þessu sinni, en þó kemur enn til greina að þeir verði kallaðir inn í leikmannahópinn þegar liðið heldur til München og hefur leik á heimsmeistaramótinu.

Þar verða Króatar fyrstu andstæðingar íslenska liðsins í riðlakeppni mótsins, en leikur liðanna fer fram föstudaginn 11. janúar. Ísland er svo með Spánverjum, Makedóníu, Barein og Japan, sem Dagur Sigurðsson stýrir, í riðli á mótinu. – hó

LEIÐ

FIMMTUDAGUR 3. JANÚAR 2019

Tíska



Sonja Henie vakti athygli heimsbyggðarinnar jafnt á skautum sem á hvíta tjaldinu fyrri hluta síðustu aldar. Ný norsk bíómynd var frumsýnd um jólin um skrautlegan feril hennar. ➔6

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Hljómsveit æskunnar endurvakin

Frændurnir Kristján og Halldór Eldjárn hófu að semja tónlist 12 og 14 ára gamlir. Þegar kemur að tísku er hljómsveitarfélagi þeirra í Sykri, Stefán Finnbogason, helsta tiskufyrirmyndin. ➔2

Halldór Eldjárn (t.v.) klæðist hér Publish Brand buxum frá Asos, Edwin – Sunset On Mt. Fuji peysu úr Húrra Reykjavík og brúnum AirWair Hardlife leðurskóm frá Marteini lækni. Kristján Eldjárn er í Volchok peysu frá Kvartýru 49, Won Hundred buxum frá Húrra Reykjavík og Dr. Martens skóm. MYNDIR/ERNIR

Starri Freyr
Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Frændurnir og tónlistarmennirnir Kristján og Halldór Eldjárn, sem eru þekktastir sem meðlimir hljómsveitarinnar Sykurs, byrjuðu ungar að vinna tónlist saman. Þriðja breiðskífa Sykurs kemur út í ár en í millitíðinni hafa þeir frændur endurvakið fyrstu hljómsveit sína Tinslit og kemur fyrsta smáskífulag sveitarinnar út á morgun. „Upphaf Tinslit má rekja til æskuára okkar þegar við hittumst 12 og 14 ára gamlir heima hjá Halldóri á Ásvallagötunni, tókum upp nokkur lög á segulband og gerðum rjómakaramellur í potti. Hljómsveitin gaf aldrei neitt út, en núna fimmtán árum síðar kemur smáskífan Hvítur köttur út. Við byrjuðum að vinna slatta af lögum saman bara tveir og áttuðum okkur svo á því að við höfðum ósjálfrátt endurvakið hljómsveit æsku okkar upp frá dvala,“ segir Kristján sem hefur verið búsettur í Los Angeles undanfarin ár þar sem hann hefur stundað doktorsnám í stærðfræði og tölvunarfræði.

Nýtt efni með Sykri

Halldór er auk þess með fleiri járn í eldinum en hann mun flytja verkíð Poco Apollo á tónlistarhátíðinni Sónar sem fer fram í apríl. „Poco Apollo er í grunninn tónsmíð sem ég gerði með aðstoð forrits sem ég skrifaði. Í raun er um að ræða tónverk sem skapar sjálft sig, (e. generative music) en ég ákveð reglurnar sem tónverkið lýtur. Á Sónar ætla ég að flytja fjóra sérvalda þætti úr því verki, útsett fyrir djúpan strengjakvartett, rafhljóð og slagverk. Tónlistin er öðruvísi en það sem ég hef áður gefið út og það hefur verið mjög gaman að prófa sig áfram á ötroðnum slóðum. Poco Apollo mun koma út á plötu í byrjun apríl, en síðan er ég með aðra plötu í maganum sem verður allt öðruvísi og kemur út í beinu framhaldi.“

Nokkur ár eru liðin síðan síðasta plata Sykurs kom út en aðdæmdu sveitarinnar geta glaðst yfir nýjustu fréttum. „Við höfum verið að vinna á fullu í nýju plötunni okkar en nánari fréttir eru að vænta frá okkur snemma á þessu ári.“

Einfalt og praktískt

Þegar kemur að tisku eru þeir sammála um að Stefán Finnbogason, hljómsveitarfélagi þeirra í Sykri, sé tiskufyrirmynd þeirra. „Mjög smekklegur maður þar á ferð,“ segir Kristján. „Stefán hefur ætíð verið mikill „trendsetter“ og smekkaður mikill bæði á fót og hönnun almennt. En svo fylgist



Hér klæðist Halldór blárri prjónapeysu úr New Look og Not Bad trefli eftir Sigurð Oddsson sem hann keypti nýlega og var framleiddur í 20 eintökum.

maður líka með hvað er í gangi og pikkar innan úr það sem höfðar til manns. Síðan er Hildur konan mín dugleg að segja mér hvað gæti hentað mér,“ bætir Halldór við.

Eftir að Kristján flutti til Los Angeles hefur verið svolítið erfitt að spá mikið í klæðaburðinum vegna hitans því dags daglega gengur hann yfirleitt í stuttbuxum og bol. „Ég áttaði mig aldrei á því hvað maður hefur það gott að búa á Íslandi fyrr en ég hætti að geta gengið í jakka á hverjum degi. Annars vil ég helst vera í einhverju einföldu og stílhreinu. Ef ég lendi í því að þurfa að fremja hjónavígslu upp úr þurru, þá vil ég að fötin mín séu ekki fullkomlega óviðeigandi í það verkefni.“

Halldór segist vera meira fyrir einföld og praktísk föt. „Þau mega alveg vera fin en það verður að vera hægt að djöflast í þeim, til dæmis ef maður þarf allt í einu að þússa upp borðplötu eða lóða saman víra. Oftast vel ég frekar

„Ég ákvað þegar ég var 14 eða 15 ára að ég væri hippí og að það væri geggjað að vera í rosalega útviðum buxum. Ég fer enn þá alveg í köku þegar einhver minnst á það við mig.“

Kristján Eldjárn

dökka liti eða hreinlega bara allt svart.“

Hvernig hefur tiskuhugi ykkar þróast undanfarin ár?

Halldór: Ég hef kannski farið aðeins úr DIY þælingum þegar kemur að tisku og orðið meira samdauna einhverjum straumum. Samt á ég alltaf mjög erfitt með að lúta boðum og bönnum sem fylgja oft slíkum straumum.

Forfallinn neonlitamaður

Hvernig fylgist þið helst með tiskunni?

Kristján: Ég held að ég fylgist með tiskunni bara með osmósu. Ég meðtek bara það sem er í gangi í kring um mig og bregst við því.

Halldór: Ég les bækur.

Hvar kaupði þið helst fötin ykkar?

Kristján: Meðan ég er úti í L.A. kaupi ég helst í „second hand“ búðum, mörkuðum og á netinu. Eitt af því sem verður erfitt að venjast við þegar ég flyt heim er hvað það er erfitt að panta hluti á netinu hér. Þetta er svolítið eins og að fara aftur til miðalda.

Halldór: Ég er farinn að kaupa færri föt en ég gerði, en vanda



Kristján klæðist hér La Paz skyrtu úr Geysi, afabuxum frá Asos, sokkarnir eru Sputnik 1985 frá Kvartýru 49 og svörtu skórnir eru frá Dr. Martens.

betur valið og reyni að finna eitthvað úr góðu efni sem endist. Húrra Reykjavík og Asos eru helstu póstarnir heima en erlendis á ég það til að kíkja í New Look eða Pull & Bear, svona á leiðinni á McDonalds. Það verður að vera smá heidni líka í þessu.

Hvaða litir eru í uppáhaldi?

Halldór: Svart, dökkblátt og grátt. Bara eitthvað mjög beisik sem er gaman að poppa með pinku skærum lit einhvers staðar.

Kristján: Ég vildi að ég hefði áhugaverðara svar, en yfirleitt eitthvað hvítt þegar ég er úti og svart þegar ég er heima.

Eigið þið minningar um gömul tiskuslys?

Kristján: Ég ákvað þegar ég var 14 eða 15 ára að ég væri hippí og að það væri geggjað að vera í rosalega útviðum buxum. Ég fer enn þá alveg í köku þegar einhver minnst á það við mig.

Halldór: Ég var forfallinn neonlitamaður, oftast en ekki með hvít sólgleraugu úr Kolaportinu og arabaklút um hálsinn. En mér leið alveg vel þannig og stend enn með því „lúkki“ þó ég víðurkenni að tími þess sé nú löngu liðinn.

Kristján bætir við: Þökkum æðri máttarvöldum fyrir það.

Turkisbláu buxurnar elst illa

Hvaða flíkur hafði þið átt lengst og notið enn þá?

Halldór: Blá Fjallráven úlpa sem ég keypti 2012 með það að markmiði að láta hana endast í að minnsta kosti 30 ár. En annars hef ég endurnýjað mikið síðustu ár svo meðalaldur fataskápsins er frekar lágur.

Eigið þið uppáhaldsverslanir?

Kristján: Ein uppáhaldsbúðin mín í L.A. er Jet Rag, „second hand“ búð í West Hollywood, sem er með geggjað ódýra, gamla hljómsveita-

boli á sunnudögum. Annars er oft hægt að gera mjög góð kaup á Rose Bowl flóamarkaðinum.

Eigið þið eina uppáhaldsflik?

Kristján: Ég á peysu sem mamma prjónaði á pabba minn fyrir örugglega 35 árum, sem lítur út eins og forsiða á New York Times, með svart-hvítum portretmyndum og málsgreinum og öllu tilheyrandi. Mér þykir mjög vænt um hana.

Bestu og verstu fatakaupin?

Halldór: Bestu fatakaupin eru líklega buxur sem Hildur keypti handa mér frá Publish Brand. Verstu fatakaupin eru türkisbláar gallabuxur sem ég notaði mjög mikið á tímabili.

Kristján: Ég og fyrrnefndur Stefán Finnbogason keyptum okkur báðir Cheap Monday buxur einhvern tímann í kring um 2009 sem voru örugglega bestu kaupin; þær voru ótrúlega flottar og þægilegar. Hann týndi sínum einhvern tímann eftir tónleika (hvernig týnir maður buxum?) en það kom gat í klofið á mínum, þannig að þær hlutu báðar raunalegan endi. Verstu kaupin voru þegar ég pantaði slatta af fötum frá geggjað skrytinni suðurkóreskri síðu. Ég pantaði allt í XL vegna þess að ég gerði ráð fyrir að stærðirnar væru mjög litlar, en svo voru þær enn minni en ég gerði ráð fyrir þannig ég passaði ekki í neitt.

Notið þið fylgihluti?

Kristján: Ég hef verið að vinna með það úti að vera með útúr-krotaða vísindagrein undir handleggnum og góðan slatta af bugun á herðunum. Halldór er hins vegar nýlega búinn að eignast dóttur, sem er hinn fullkomni fylgihlutur fyrir spring/summer 2019.

Halldór: Ég keypti mér um daginn geggjaðan trefil sem Siggí Odds hannaði og lét útbúa í 20 eintökum.



Stærðir 38-58

ÚTSALAN ER HAFIN

-30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Verstunin Belladonna



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi:

Ábyrgðarmaður:

Sölumenn:

Torg ehf

Kristín Þorsteinsdóttir

Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson,

Jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

ÚTSALAN ER HAFIN!
30-50% afsláttur

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Rauðir eða koparlitir tónar í síðu, dökku hári verða áberandi á því frúarári 2019 og því meira eftir því sem neðar dregur í lokkunum.

Upp á hár á nýju ári

Veistu upp á hár hvernig þú ætlar að hafa hárið á nýju ári? Línurnar hafa verið lagðar og það er klippt og skorið hvernig hárið verður 2019.


Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Hin sívinsæla „bob“ klipping hefur verið mikið í tisku undanfarin ár og verður áfram heit í vetur. Bob-klippingin tekur nafn sitt frá öðrum og þriðja áratugnum þegar konur hófu að klippa hár sitt í stað þess að hafa það eins sitt og mögulegt var. Bob-inn er yfirleitt þverklipping allan hringinn, þar sem hárið nemur ekki neðar en við axlir en sú útgáfa hefur verið vinsæl undanfarin ár. Hárið styttist í bobnum ef eitthvað er í ár og nemur nú einhvers staðar á milli eyrnasnepla og höku. Þá er




Pastellitir með dekkri stripum í sama tóni munu verða vinsælir hjá þeim sem vilja sýna dirfsku og hárhug 2019.




Stórir liðir sem ramma andlitið inn verða aðalmálið í síðu hári í sumar og hlýir, hunangsljósur tónar taka við af kaldari hvít- eða platinuljósum litbrigðum.



Þykkir þvertoppar verða í tisku með aðeins síðari bob-klippingu. Dökkbrúnn litur sem daðrar við kastaniubrúnan með hjálp stripa verður einnig vinsæll,



Stytti bob með óreglulegum toppi er einnig vinsæl klipping.



Úr sér vaxin álfklipping eða „pixie“ verður áberandi 2019.



Útsalan háfin
40-60% afsláttur

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

í tisku að hafa bob-inn styttri að aftan og aðeins síðari við andlitið sem býr til fallegan ramma sem er samt hægt að vinna aðeins með, til dæmis með því að krulla nokkra lokka og ná þannig styttyfirbragði án þess að vera með styttur. Þá er einnig töff að hafa hárið aðeins síðara og knallstuttan eða síðari topp með styttum sem dregur fram augnsvipinn.

Þær sem kjósa að vera með síðara hár ættu líka að hugleiða toppa en ekki stutta þvertoppa heldur síðari og óreglulegri línur, og jafnvel má segja að erfitt sé að sjá hvar toppur verður að styttum í fremsta hluta hársins. Þessi klipping er einkar hagkvæm þar sem hún léttir á síðu hári, einkum ef það er mjög þykkt og svo er ekkert

mál að skella öllu hárinu í tagl ef svo ber undir. Styttur og stórir liðir verða einnig áberandi 2019 og sléttujárnin fá alveg að hvíla sig á síða hárinu þó þeirra verði enn þörf til að geirnegla kantadaðar styttri klippingar.

Álfastelpklippingin sem stundum er einnig kölluð „pixie“ heldur stöðu sinni fyrir þær sem vilja hafa það þægilegt og einfalt. Þessi klipping á sér einnig rætur í tuttugustu öldinni, nánar tiltekið er þetta klipping sem Audrey Hepburn var með í kvikmyndinni A Roman Holiday á sjötta áratugnum. Mía Farrow og Twiggie urðu svo fyrirmyndir þeirra sem kjósa þennan stutta hálfgerða drengjakoll sem er einstaklega þægilegt að eiga við og getur bæði verið frjálsglegur og

spari. Úr sér vaxið „pixie“ er líka vinsælt, en þá er styttnum leyft að verða aðeins lengri og tjásulegri. En varist að halda að sú greiðsla sé alveg áreynslulaus því eins og með allt í tiskunni þá skiptir máli hvernig óreiðan er sett fram.

Vinsælustu litirnir verða hunangsskol sem er aðeins dekkri útgáfa af hunangsljósum, mjúkur kastaniubrúnn með rauðgylltum stripum, koparkossar í endana á dökku hári, pastellitir og jafnvel skyggingar þar sem fleiri en einn tónn leika saman, karamellustrípur í alla brúna liti með ljósari áherslu næst andlitinu.

Já, eins og venjulega er úr nægu að velja í hártískunni og ætti að vera auðvelt að finna réttu greiðsluna árið 2019.

SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

Rolf PRIMA

DT SWISS

TRI



ÚTSALA!

- allt að 70% afsláttur -

Við opnum 4.janúar 2019



Tacx



#becube #triverslun



Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verzlunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00



ÚTSALAN ER HAFIN
-30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

Stærðir 38-52

My Style tískuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

ÚTSALAN ER HAFINN

Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

MARKADURINN.IS

NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

• INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR • GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIDLA
• ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA • HVAD ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
• KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

Ævi Sonju Henie á hvíta tjaldinu

Kvikmyndin Sonja fjallar um skrautlegt líf norsku skautadrottningarinnar Sonju Henie sem hlaut þrisvar gull á Ólympíuleikum og varð heimsfræg leikkona í Hollywood.

Elin Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Kvikmyndin um ísdröttninguna var frumsýnd í Ósló 25. desember síðastliðinn. Norðmenn voru ákaflega stoltir af skautadrottningunni sem lést aðeins 57 ára eftir mikið glamúrlíf í Hollywood. Hún óð í peningum og í kringum hana voru stærstu Hollywoodstjörnur sögunnar á þeim tíma. Mikil veisluhöld og áfengisneysla fylgdu líferni hennar og fjölmiðlar fylgdust vel með þessari stórstjörnu. Nýja myndin um Sonju fékk minni aðsókn um jólin en framleiðendur hennar bjuggust við. Var það útskýrt svo að Sonja væri að gleymast. Ungu kynslóðin sem stundar kvikmyndahúsin þekkir ekki sögu hennar.

Sannkölluð stjarna

Sonja Henie er án nokkurs vafa ein stærsta íþróttastjarna Noregs. Hún fékk fyrstu skautana þegar hún var sex ára. Þá dreymdi hana um að dansa á skautasvelli ásamt bróður sínum, Leifi, sem var eldri. Sonja tók þátt í sínum fyrstu vetrarleikum í Chamonix 1924, þá aðeins 11 ára og yngsti Norðmaðurinn til að keppa á slíku stórmóti. Þetta voru jafnframt fyrstu vetrarólympíuleikarnir.

Sonja varð þrisvar sinnum Ólympíumeistari, 1928, 1932 og 1936, tíu sinnum heimsmeistari og sex sinnum Evrópumeistari. Eftir að hún gerðist kvikmyndaleikkona varð hún hæst launaða stjarnan í Hollywood. Fyrsta kvikmynd hennar, One in a Million, varð strax mjög vinsæl og sömuleiðis þær sem á eftir komu. Frægustu myndirnar eru Thin Ice árið 1937, My Lucky Star 1938, Second Fiddle 1939 og Sun Valley Serenade árið 1941. Hún lék á móti frægustu stjórnun Hollywood og má þar meðal annarra nefna Tyrone Power.

Litrikt líf

Sonja ólst upp í Frogner í Ósló. Hún fæddist 8. apríl 1912. Faðir hennar, Wilhelm, tók hana úr skóla þegar hún var níu ára til þess að hún gæti einbeitt sér að skautadansinum. Hann var ákveðinn í að dóttirin færi á toppinn í íþrótt sinni og var henni stöð og stytta. Það varð því mikið áfall þegar hann féll snögglega frá þegar Sonja var 25 ára.

Þegar Sonja var 28 ára giftist hún kaupþýslumanninum Dan Topping. Hann kom úr auðugri fjölskyldu en hafði ekki aðgang að fjármunum hennar. Móðirin skammtaði honum tekjur en Dan var eyðslusamur og stundum fékk hann ekkert. Þá leitaði hann til Sonju sem lét hann til dæmis hafa 100 þúsund dollara til að styrkja fjölboltafélag. Ad endingu fóru fjármálin með hjónabandið.

Hvítu svanurinn

Þótt yngri kynslóðir viti ekki hver Sonja Henie er þá er það staðreynd að hún var helsta stjarna heimsins á sínum tíma. Hún var orðin stjarna áður en Shirley



Skautadrottningin Sonja Henie var ekki bara margfaldur meistari á sviði íþróttaheldur var hún einnig heimsfræg kvikmyndastjarna.



Sonja Henie og Tyrone Power léku saman í kvikmyndinni Thin Ice árið 1937. Þau urðu mjög góðir vinir upp frá því.

Temple fæddist. Sonja var kölluð ýmsum nöfnum í gegnum árin, oftast Ísdröttningin af Noregi eða Hvítu svanurinn. Á tímabili var hún gagnrýnd fyrir nasisma þar sem hún heilsaði Hitler með nasistakveðju. Sjálf sagðist hún ekki einu sinni vita hvað nasismi væri og bar af sér allar slíkar sakir. Vinir hennar sögðu að hún hefði engan áhuga á pólitík.

Sonja giftist þrisvar. Síðasti eiginmaður hennar var Norðmaðurinn Niels Onstad, auðugur

skipaiegandi. Þau bjuggu í fallegu húsi í Bærum sem er nálægt Ósló og ferðuðust saman um allan heim. Þegar þau voru á heimleið í einkaþotu frá París 12. október 1969 lést Sonja úr hvítblæði, aðeins 57 ára. Margir syrgðu þessa heimsfrægu skautadrottningu og leikkonu. Í vinahópi hennar voru meðal annarra Joan Crawford, Cary Grant og Liberace.

Með hlutverk Sonju í kvikmyndinni fer ung norsk leikkona, Ine Marie Willmann.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Viðgerðir

VAKA
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGI!
Sími: 567 6700 | vakahf.is

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

ÖRLAGALÍNAN 908-1800
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opíð frá 20-23 öll kvöld.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskípti. Löggjildur rafverktaki. rafneisti@sinnet.is

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS. ENSKA, NORSKA, DANSKA
Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI. Start/Byrja: 7/1, 4/2, 4/3, 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7, 19 8/, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-4 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/Siðd/Kvöld. Price/Verð: 48.000,- www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.


Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS

gjofsemgefur.is

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Traust og fagleg starfsmannaveita sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraldaðir

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk | S. 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

EYJALIND
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

GRAMMER

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.

Hægt að panta tíma á hofdabon.is

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan.smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á [Facebook.com/snyrti](http://facebook.com/snyrti) og nuddstofan.smart

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóla og snjósléðasætum. Húsbílaþæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 68 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIÐAVERKSTAEÐI.IS
S. 587 1350

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

GULLÖLD SVEIPLUNNAR

NYÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG

6. JANÚAR KL. 20.00



Friðrik Ómar



Hansa



Jógvan



Katrín Halldóra

STJÓRNANDI & KYNNIR:
Sigurður Flosason



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,
Anna Pála Guðmundsdóttir

sem lést að morgni
24. desember, verður jarðsöngin frá
Sauðárkrókskirkju laugardaginn
5. janúar kl. 14.00.

Leifur Ragnarsson
Páll Ragnarsson
Árni Ragnarsson
Hólmfríður Ragnarsdóttir
Ólöf Sigríður Ragnarsdóttir
Örn Ragnarsson
Úlfar Ragnarsson

Margrét Steingrimsdóttir
Ásdís Hermannsdóttir
Pétur Heimisson
Margrét Aðalsteinsdóttir
Auðbjörg Friðgeirsdóttir



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Nina Sæunn Sveinsdóttir

kennari,
Hraunbraut 14, Kópavogi,
andaðist á líknardeild Landspítalans
28. desember. Jarðarförin fer fram frá
Kópavogskirkju miðvikudaginn 9. janúar kl. 13.30.

Ari Ólafur Arnórsson
Kjartan Arnórsson
Auðunn Arnórsson
Hrafn Arnórsson
Þóra Arnórsdóttir
Arnkell, Sæunn Una, Oddur, Halldór Narfi, Nina Sólveig
og Ásdís Hulda

Traci Klein
Margrét Sveinbjörnsdóttir

Svavar Halldórsson



Móðir mín og amma okkar,
Fjöla Steinsdóttir Mileris

Skálagerði 5, Reykjavík,
lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund 25. desember sl.
Útförin verður gerð frá Bústaðakirkju
11. janúar nk. kl. 13.

Georg Mileris
Ana Maria Mileris
Vladimir Mileris

Georg David Mileris
Angelika Mileris Dawes



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Ólöf Áslaug Kristjánsdóttir
frá Siglufirði,

lést á Landspítalanum
föstudaginn 28. desember.
Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 10. janúar kl. 13.00.

Hákon Heimir Sigurðsson
Birgir Agnar Sigurðsson

Alda Pétursdóttir
Ágústa Jóelsdóttir
Rakel Rós, Brynjar Karl, Sigurður Ríkharrð,
Kristófer Ingi, Óskar Máni og Aron Thor



Móðir okkar og tengdamóðir,
Sigurbjörg Geirsdóttir
Stóru-Reykjum,

verður jarðsöngin frá Selfoskirkju
föstudaginn 4. janúar kl. 13.30.

María I. Hauksdóttir
Margrét Hauksdóttir
Gerður Hauksdóttir
Gísli Hauksson
Vigdís Hauksdóttir
Hródný Hanna Hauksdóttir

Ólafur Kristjánsson
Guðni Ágústsson

Jónína Einarsdóttir

Hróbjartur Eyjólfsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
Ragnar Sveinn Olgeirsson
aður bóndi á Oddsstöðum,

lést á hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð,
Borgarnesi aðfaranótt 29. desember sl.
Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju
laugardaginn 5. janúar nk. kl. 14.00. Hann verður jarðsettur
í Lundarkirkjugarði að lokinni erfidrykkju. Þeim sem vilja
minnast Ragnars er bent á Minningarsjóð Brákarhlíðar í
Borgarnesi, www.brakarhlid.is.

Sigurður Oddur Ragnarsson
Olgeir Helgi Ragnarsson

Guðbjörg Ólafsdóttir
Theodóra Þorsteinsdóttir
barnabörn og langafasynir.



Eiginmaður minn og faðir okkar,
Sigurður Björnsson

læknir,
Markarvegi 2, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans
29. desember.

Ásdís Magnúsdóttir
Björn Darri Sigurðsson
Magnús Harri Sigurðsson



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Kristján Guðmundsson
fyrrverandi slökkviliðsmaður,
Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum
19. desember sl. Útför hans fer fram
frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn
4. janúar nk. kl. 15. Þeim sem vilja minnst hans er
vinsamlegast bent á Barnspítala Hringins.

Kristín Kristjánsdóttir
Guðmundur Kristjánsson
Sveinbjörn Kristjánsson
Björgvin Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ívar Guðmundsson
Sonja B. Jónsdóttir
Kristín Leifsdóttir



Elsku amma okkar, langamma
og fyrrverandi tengdamóðir,
Ingibjörg Guðlaugsdóttir
Langholtsvegi 151,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju
föstudaginn 4. janúar kl. 15.00.

Ólafur Kjartansson
Ingibjörg Stefánsdóttir
Ólafur Thorarensen
Ingi Þór Thorarensen
Ingvaldur Jóna
Gunnarsdóttir

Víðir Finnbogason

og barnabarnabörn.



Systir mín,
**Sigríður Ingibjörg
Þorgeirsdóttir**

kennari,
Hæringsstöðum, Árborg,

lést 28. desember á Ljósheimum, Selfossi.

Fyrir hönd vandamanna,
Sólveig Antonía Þorgeirsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Guðný Ólafsdóttir

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,
lést á líknardeild Landspítalans
24. desember.
Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju
mánudaginn 7. janúar kl. 13.00.

Ólafur Danivalsson
Laufey Danivaldsdóttir
Katrín Danivaldsdóttir
Herdís Danivaldsdóttir
Guðný H. Danivaldsdóttir
og fjölskyldur.

Íris Mjöll Ólafsdóttir
Tómas Ibsen
Sveinbjörn Björnsson
Páll R. Valdimarsson
Egill H. Lárusson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Þóra Erla Hallgrímsdóttir
Akraseli 13,

lést á líknardeild Landspítalans
miðvikudaginn 19. desember.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
föstudaginn 4. janúar klukkan 13.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem
vilja minnst hennar bent á líknarstofnanir

Edda Björnsdóttir
Þórunn Árnadóttir
Árni Þór Árnason
Jenny Árnadóttir

Halldór Jón Sigurðsson
Ívar Ásgeirsson
Mimmo Illvonen Árnason
Jay Manganello
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, amma
og langamma,
Magnhildur Magnúsdóttir

andaðist aðfaranótt 23. desember.
Útförin fer fram frá Hjallakirkju
fimmtudaginn 10. janúar kl. 13.
Sérstakar þakkir eru til
hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir einstaka umönnun.

Íris Björk Sigurðardóttir
Elfa Kristín Sigurðardóttir
Dóra Berglind Sigurðardóttir
Alexander Fróðason
Ýmir Kalman Fróðason
Jón Styrmir Fróðason
Ólöf Tara Smáradóttir
Þuríður Nótt Björgvinsdóttir
Daníel Björn Óskarsson
Nikulás Óskarsson
Alfred Alexandersson

Fróði Hjaltason
Björgvin Kristjánsson
Óskar Bragason
Tone Dalheim

Ólafur Örn Jónsson
Bjarki Fannarsson



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Ásgrímur Þórhallsson
Hafraflæk,

sem lést að morgni aðfangadags,
verður jarðsöngin frá Neskirkju í
Aðaldal laugardaginn 5. janúar kl. 14.
Þeim sem vilja minnst hans er bent á að láta
Skógarbrekku á Húsavík njóta þess.

Fyrir hönd fjölskyldu og vina,
Guðrún, Þórhallur, Steingrímur,
Jónas og Kristinn Ásgrímsbörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Svandís Salómundsdóttir
frá Ketilsstöðum í Mýrdal,

sem lést miðvikudaginn 26. desember,
verður jarðsöngin frá Skeiðflatarkirkju
laugardaginn 5. janúar kl. 14.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Eva Örnólfsdóttir

framhaldsskólakennari,
Lundi 92, Kópavogi,

lést á líknardeild LSH að morgni
jóladags, 25. desember sl.
Útför hennar verður frá Áskirkju
föstudaginn 11. janúar kl. 15.

Ragnar Jónasson
Jónas Ingi og Guðný
Sigrún og Björn Lúðvík
Stefa og Rúnar og barnabörn.

OPEL ATVINNUBÍLAR

ÁRAMÓTA SPRENGJA!

Nýttu þér skattalegt hagræði ársins
sem er að líða

Nokkrir sendi- og hópferðabílar
á dúndur afslætti



**Afsláttur
631.000 kr.**

Vivaro - sendibíll (L2H1)

Sætisfjöldi: 3 manna
Vél: 1.6L dísel
Gírskipting: Beinskiptur 6 gíra
Burðargeta: 1.280
Rúmtak: 1598
Hestöfl: 115
Tog: 300 við 1750sn
Eyðsla: 6,5

Verð: 4.090.000 kr.
Tilboðsverð: 3.459.000 kr.

**Tilb.verð án vsk. aðeins:
2.780.000 kr.**



**Afsláttur
1.000.000 kr.**

Movano (L1H1)

9 manna
2.3L dísel
Beinskiptur 6 gíra
838
2298
145
350
6,6 - 6,3

6.390.000 kr.
5.390.000 kr.

**Tilb.verð án vsk. aðeins:
4.347.000 kr.**



**Afsláttur
1.200.000 kr.**

Movano hópferðabíll (L3H2)

17 manna
2.3L dísel
Beinskiptur 6 gíra
1.302
2298
145
350
7,8 - 8,0

7.790.000 kr.
6.590.000 kr.

**Tilb.verð án vsk. aðeins:
5.314.000 kr.**



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel atvinnubíla á opel.is eða hafðu samband við sölumann í síma eða á opel@opel.is og fáðu nánari upplýsingar


Sýningarsalir:
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

**Bílahúð
Benna**

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Sunnan- og suð-vestanátt, 13-23 m/s, hvassast um landið norðvest-anvert. Hægari vindur austan til á landinu, lengst af suðvestan 8-15 m/s. Rigning eða súld með köflum og hiti 4 til 10 stig, en þurr norðaustan- og austanlands. Lægir undir kvöld.



Föstudagur

Reykjavík 8° ↑ 6	Ísafjörður 7° ↗ 8	Akureyri 6° ↑ 6
Egilsstaðir 10° ↑ 7	Kirkjubæjarkl. 8° ↑ 7	Hveravellir 4° ↑ 13

Laugardagur

Reykjavík 4° → 2	Ísafjörður 3° → 5	Akureyri 4° ← 2
Egilsstaðir 10° ↑ 7	Kirkjubæjarkl. 7° ↖ 6	Hveravellir 0° ↘ 5

LÉTT

	6		2	9	7	1	
4			7	8	9	5	
	5		6	4			
		6		1	3		
	2						
8	4	7		6		5	
			9	6	3	1	7
		4		7		8	
9			8	2			

MIDLUNGS

3	1							
2	8			9		4		3
		9	3	8		6	7	
5	7		6			3		1
6		1					8	5
							4	
			9					
1	3	5		2	4			9
		9						

PUNG

			8	3	9	2		
5	7				8			
			1	2				
		5			9			
		4		7			2	
6						3		
		6					4	
3	5				8		6	
9								

Krossgáta

- LÁRÉTT**
2. aðrakstur
6. átt
8. leyfi
9. spendýr
11. rás
12. skipað niður
14. fjandi
16. hola
17. hyggja
18. málmur
20. rómversk tala
21. innileikur

- LÓÐRÉTT**
1. skjótur
3. frá
4. lærimeistari
5. svivirðing
7. fíflalæti
10. svelgur
13. sigað
15. ekkert
16. munda
19. nudd

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					


LÁRÉTT: 2. safn, 6. na, 8. tr, 9. api, 11. að, 12. ráð, 14. satn, 16. op, 17. trú, 18. tít, 20. í, 21. alþ. LÓÐRÉTT: 1. smá, 3. af, 4. fæðari, 5. nið, 7. apasill, 10. íða, 13. átt, 15. nudd, 16. óta, 19. nu.

Skák Gunnar Björnsson

Gata Kamsky (2.657) átti leik gegn Vishy Anand (2.832) á HM í hraðskák.

27... **Rexd5! 0-1.** Guðmundur Kjartansson og Vignir Vatnar Stefánsson sitja að tafli í Hastings. Guðmundur hefur 3½ vinning eftir 5 umferðir en Vignir hefur 3 vinninga.

www.skak.is: Ný alþjóðleg skákstígr.



8	3	4	1	2	6	9	5	7
6	9	5	4	3	7	1	2	8
7	1	2	5	8	9	6	4	3
1	4	6	2	5	8	3	7	9
9	8	3	7	6	4	2	1	5
2	5	7	9	1	3	4	8	6
3	7	1	8	9	2	5	6	4
4	2	9	6	7	5	8	3	1
5	6	8	3	4	1	7	9	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SMÁRALIND
GJAFAKORT SMÁRALINDAR
ÓTAL GLÆSILEGIR MÖGULEIKAR



ÚTSALA



30-60%
AF ÖLLUM VÖRUM

35%
af öllum stólum



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is



40-60%
af allri Prima vörulínunni



50-60%
af völdum
vörum og
sýnishornum





Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800



vfs.is

M18 FUEL
M18 FCS66
Aluöru hjólsög frá Milwaukee

POWERSTATE™ mótör.
REDLINK PLUS™ yfirálagsvörn
REDLITHIUM-ION™ rafhlaða

Sveigjanlegt rafhlöðu kerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

VERKFÆRA SALAN

FUNDARHERBERGIÐ



Syrusson skrifstofuvörur

Síðumúla 33 | Sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

KEBE
Hvildarstólar

Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN



Úr samsetningarverksmiðju Nissan í Sunderland í Bretlandi.

Bresk bílaframleiðsla féll um 8,2% í fyrra

Framleiðsla fyrir innanlandsmarkað dróst lítið saman en því meira í útflutningi á bílum. Bílaframleiðendur halda að sér höndum í fjárfestingum á meðan óvissa ríkir um útgönguna úr Evrópusambandinu.

Bílaframleiðsla í Bretlandi á nýliðnu ári dróst mikið saman frá fyrra ári, eða um 8,2% á fyrstu 11 mánuðum ársins, en endanleg tala fyrir síðasta mánuð ársins liggur ekki enn fyrir. Samdrátturinn í nóvember var gríðarmikill, eða 19,6% og voru framleiddir 31.551 færri bílar í landinu en í sama mánuði árið 2017. Helsti áhrifaþátturinn í þessari bröttu minnkun liggur í áhrifum af Brexit, þ.e. brotthvarfi Bretlands úr Evrópusambandinu og þeirri staðreynd að Bretland er ekki enn komið með neinn útgöngusamning við Evrópusambandið. Fyrstu 11 mánuði ársins í fyrra var framleiðsla bíla í Bretlandi komin í 1.441.334 og var riflega 120.000 bílum minni en árið áður og munar um minna.

Minnkunin aðallega í útflutningi
Framleiðsla bíla í Bretlandi fyrir innanlandsmarkað minnkaði aðeins um 1,9% í nóvember en útflutningur bíla til annarra landa dróst saman um 22,8%. Útflutningurinn nam samt sem áður 81,5% svo segja má að Bretland sé mikið bílaframleiðsluland. Minna en 100 dagar eru til þess dags sem Bretland fer úr Evrópusambandinu og bílaframleiðendur í Bretlandi kalla með hárrí röddu á ráðamenn um að klára brotthvarfsamninginn við Evrópusambandið og erfitt getur þeim reynst að plana framhaldið um framleiðsluna og mannaflaþörf. Þessi minnkun á bílaframleiðslu í Bretlandi í fyrra kemur í kjölfar 3% minnkunar árið 2017 frá árinu 2016, sem var reyndar metár í framleiðslu bíla í Bretlandi.

Enn meiri vélaframleiðsla
Þó svo bílaframleiðsla í Bretlandi sé mikil er framleiðsla á vélum enn meiri og voru 2,72 milljónir véla framleiddar árið 2017, þó þær hafi verið færri í fyrra. Í Bretlandi vinna um 8.000 starfsmenn eingöngu við vélaframleiðslu og 3.550 þeirra vinna við framleiðslu á disilvélum sem eiga undir högg að sækja á flestum bílamörkuðum. Þar eru því miklar blikur á lofti og hætt við miklum samdrætti á næstu árum. Fjárfesting í bílaframleiðslu almennt í Bretlandi minnkaði talsvert á síðasta ári, eða úr 1,66 milljörðum punda árið 2017 í 1,1 milljörð punda í fyrra, en hún nam 2,5 milljörðum punda árið 2016. Í þeirri óvissu sem ríkir í bílaframleiðslu í Bretlandi má eðlilegt teljast að framleiðendur haldi að sér höndum.

Japanskir og kóreskir bílar öruggastir

Samkvæmt árekstrar- og öryggisprófunum IIHS Top Safety Pick í Bandaríkjunum eru nýir bílar framleiddir af japönskum og suðurkóreskum bílaframleiðendum þeir öruggustu. Best kom bílaframleiðandinn Subaru út með 7 bíla af þeim 30 sem náðu toppleikuninni IIHS Top Safety Pick+ og var það aðeins Subaru Forester sem náði ekki þeirri einkunn vegna aðalljósa bílsins, en hann náði samt einkunninni IIHS Top Safety Pick, en vantaði plúsinn. Í ár náðu helmingi fleiri bílar einkunninni IIHS Top Safety Pick+ en í fyrra, eða 30 bílar í stað 15 í fyrra. Það náðist þrátt fyrir meiri kröfur þetta árið en kröfurnar aukast á hverju ári.

Enginn bandarískur náði IIHS Top Safety Pick+

Athygli vekur að enginn bíll frá bandarískum framleiðanda náði á þennan 30 bíla topplista þó svo prófanirnar séu gerðar í Bandaríkjunum. Ef taldir eru saman bílar sem náðu IIHS Top Safety Pick eða IIHS



Subaru-bíll í prófunum hjá IIHS Top Safety Pick.

Top Safety Pick+ var Hyundai með flesta bíla. Nokkrir bílar á topplistanum eru frá þýsku framleiðendum BMW, Audi og Mercedes Benz, en enginn Volvo-bíll náði á listann og vekur það furðu þar sem bílar Volvo þykja einna öruggustu

bílar í heimi. Fáir rafmagns- eða tengiltvinnbilar eru á listanum, en Kia Niro Plug-In-Hybrid náði því þó. Enginn Tesla-bíll er á listanum góða, en það kemur ekki til af góðu því Tesla vildi ekki setja bíla sína í þessar prófanir.

GERÐU HELGARINNKAUPIN Í NETTÓ

Ferskt grísahakk
699 KR/KG
 ÁÐUR: 998 KR/KG
-30%



-30%



-30%



Grísahnakkafille
 Úrbeinað
1.329 KR/KG
 ÁÐUR: 1.898 KR/KG

Grísahnakkasneiðar
 Kjarnafæði
1.399 KR/KG
 ÁÐUR: 1.998 KR/KG

-30%



Bjúgu
 6 stk 1,26 kg
629 KR/PK
 ÁÐUR: 898 KR/PK

-40%



Striploin
 Skare
2.999 KR/KG
 ÁÐUR: 4.998 KR/KG

-20%



Skinney Ýsubitar
 1 kg poki
1.358 KR/PK
 ÁÐUR: 1.698 KR/PK

-20%



Skinney Þorskbítar
 1 kg poki
1.198 KR/PK
 ÁÐUR: 1.498 KR/PK

-12%



Veggie Golden Nuggets
 180 gr
699 KR/PK
 ÁÐUR: 789 KR/PK

-10%



Mexi Veggie Burger
 275 gr
599 KR/PK
 ÁÐUR: 659 KR/PK

Sítrónur
237 KR/KG
 ÁÐUR: 339 KR/KG
-30%

Lime
335 KR/KG
 ÁÐUR: 479 KR/KG




nettó
 Lægra verð - léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 3. - 6. janúar 2019
 Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur
 og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



... skuggar leynast í hverju horni og þjóðin á sviði er brakið eitt, ekki síður þeir sem landinu stjórna, segir í dómnum. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Dásamlega djöfullegar vélanir og djarft leikhús

LEIKHÚS

Ríkháður III



William Shakespeare

Aðlögun: Brynhildur Guðjónsdóttir og Hrafnhildur Hagalín

Leikstjórn: Brynhildur Guðjónsdóttir

Leikendur: Hjörtur Jóhann Jónsson, Hilmar Guðjónsson, Halldór Gylfason, Sigrún Edda Björnsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sólbjört Sigurðardóttir, Kristbjörg Kjeld, Valur Freyr Einarsson, Jóhann Sigurðarson, Arnar Dan Kristjánsdóttir og Davíð Þór Katrínarson

Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Búningar: Filippía I. Elísóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Dramatúrg: Hrafnhildur Hagalín

Tónlist: Daníel Bjarnason

Danshöfundur: Valgerður Rúnarsdóttir

Leikgervi: Elín S. Gísladóttir

Hljóð: Baldvín Þór Magnússon

Þýðing: Kristján Þórður Hrafnsson

Á síðastliðnum árum hafa sýningar á leikritum Williams Shakespeare heppnast misvel á leiksviðum landsins því var eftirvæntingin örllítið kvíðablandin á frumsýningarkvöldi Borgarleikhússins þegar Ríkháður III, í leikstjórn Brynhildar Guðjónsdóttur, var sýndur síðastliðinn laugardag. En sá kvíði hvarf á fyrstu mínútu sýningarinnar, þegar aðalpersónan sagði sín ódauðlegu fyrstu orð, og sneri aldrei aftur heldur umbreyttist í eftirminnilega leiksupplifun.

Í þetta eina skipti er kannski ágætt að nota illvirkjann Ríkháð sem fyrirmynd og setja sviðið strax.

Ríkháður III er fyrsta leikstjórnarverkefni Brynhildar í Borgarleikhúsinu og því lík byrjun. Nálgun hennar að texta Shakespeares og trú á leikarana býr til sterkar rætur fyrir sýninguna. Þetta samband dafnar eftir því sem líða tekur á og blómstrar, að viðbætti fagurfræðinni. Útkoman verður síðferðislegt tómarúm, þar sem skuggar leynast í hverju horni og þjóðin á sviði er brakið eitt, ekki síður þeir sem landinu stjórna.

Fremst á sviðinu situr Ríkháður sjálfur, hokinn út af hömluðum líkama sínum og gegnumsyrdur af hatri til fjölskyldu sinnar. Með nútímatúlkunartækjum má spyrja hvort Ríkháður hafi fæðst rotinn eða hvort rotna hefðarkerfið hafi skapað hann. Er hegðun hans sprottin af hefndarþorsta, valdafíkn eða blöndu af hvoru tveggja? Vangaveltur vakna með frammistöðu Hjartar Jóhanns sem er sú besta sem hann hefur sýnt á ferlinum. Í hans túlkun er Ríkháður lævis, kankvís, kaldrifjadrur en einnig aumkunarverður. Hér er á ferðinni maður sem er ekki einfaldur þorpari eða síðblindingi heldur sködduð mannskel sem drambið fellir eftir að hafa fellt alla þá sem honum standa næst. Líkamsbeiting Hjartar Jóhanns er áhrifamikil og passar vel við tvi-eggja leikaravinnuna en hann tekur bæði þátt í því sem á sviðinu gerist og laumar blikki til áhorfenda, því í byrjun er þetta allt leikur í hans huga.

Leikgervi Elínar Þjóna Ríkháði

einstaklega vel sem og sú einfalda lausn að láta hann ferðast um sviðið á forláta baklausum skrifborðsstól.

Aðlögunin er unnin af Brynhildi og Hrafnhildi en framvindan er í góðum takti við upphaflega textann. Þær einbeita sér frekar að því að skera í burtu aukapersónur og málalengingar þannig að kjarninn stendur eftir. En nóg er af persónum um að ræða því það er ekki einungis Hjörtur Jóhann sem athyglina grípur, heldur er allur leikhópurinn á sömu orkuríku bylgjulengdinni.

Hægrí hönd Ríkháðs er hertoginn af Bokkingham, leikinn af Vali Frey, sem er lofað gulli og grænum skógum aðstoði hann Ríkháð við að hrísa krúnuna. Það eina sem hann þarf að gera er að selja sálu sína og sjálfan sig Ríkháði. Valur Frey og hatri er þetta ferðalag, þess albúinn að kafa ofan í þennan töfrandi loddara sem sér eftir öllu þegar allt er orðið um seinan.

Á hliðarlínunni standa konurnar í lífi Ríkháðs, leiknar af Kristbjörgu, Sigrún Eddu, Eddu Björgu, Þórunni Örnunni og nýliðanum Sólbjörtu. Hver af annarri stela þær senunni en sýna samt heillandi samleik, sérstaklega sýna milli. Kristbjörg slær tóninn snemma í sýningunni og sannar að ekki þurfa atriðin að vera mörg til að setja sitt mark á sýninguna. Kuldi og heift Margrétar svifa yfir sviðinu frá hennar fyrsta orði til hins síðasta. Sigrún Edda er sömuleiðis ísköld og eftirminnileg í sínu hlutverki. Lokaeinvígi Ríkháðs og móður hans leiftrar af sorg, harmi og hatri. Hertogafrúin af Jórvið jarðar son sinn með orðunum einum. Edda Björg finnur bæði örvæntinguna

og húmorinn í Elísabetu en á eitt af bestu atriðum síns ferils í gripakaupunum sem viðruð eru undir lok sýningarinnar. Þórunn Arna á ekki auðvelt verk fyrir höndum í hlutverki lafði Önnu, kona sem er eins og opið sár, en leysir verkefnið vel af hendi, sérstaklega eftir hlé. Yngsti kvenleggurinn í þessari ætt er leikinn af Sólbjörtu en hún sýnir, bæði í kraftmiklum dansi og leik, örvæntingu Elísabetar yngri yfir örlögum þjóðarinnar og komandi kynslóða.

Karlkyns áhangendur og ættmenn leika þeir Hilmar, Halldór og Jóhann, en einnig önnur smærri hlutverk. Allir fá þeir tækifæri til að skína. Hilmar með finni einræðu Georgs fyrir hlé, Halldór í bráðfundinni innkomu í hlutverki svallkóngsins Játvarðs IV og Jóhann í hlutverki hins heimóttarlega Hastings lávarðar. Arnar Dan og Davíð Þór eru að stíga sín fyrstu skref á atvinnusviði en ef áfram heldur eins og á undan hefur gengið þá er framtíðin björt.

Lítið gætu samt leikararnir gert ef þýðingin væri unnin af hroðvirkni en svo er aldeilis ekki. Kristján Þórður beitir ekki einungis nýjum bragarhætti til að koma Shakespeare til skila á íslenski tungu heldur stendur fyrir einni bestu nútímaþýðingu á hans verkum. Þess er óskandi að textinn komi út á bók hið fyrsta.

Ekki er listræna teymið síðra enda valin manneskja í hverju hlutverki. Ilmur er fyrir löngu orðin sérfræðingur í möguleikum stóra sviðsins og velur hér þann kost að minna sé meira. Fyrsta sviðsmyndin eftir hlé

var stórkostlegt samspil sviðs- og ljósaðrónnunar, enda er Björn Bergsteinn ekki minni sérfræðingur á þessu sviði. Filippía klæðir hvern karakter af kostgæfni enda eru búningarnir einstaklega vel heppnaðir, klæðnaður kvennanna og hin gyllta múndering biskupsins fá sérlegt hrós. Hér verður aftur að lofa umsjón Elínar með leikgervunum því hárhönnunin í sýningunni var líka algjörlega frábær. Valgerður, í samvinnu við heildarsýn Brynhildar, kryddar framvinduna með hreyfihönnuninni. Hver hreyfing bætir við litróf sýningarinnar frekar en gera strigann yfirþyrmandi. Þar verður sérstaklega að hrósa tveimur atriðum eftir hlé þar sem hreyfingar kynjanna eru speglaðar, karlarnir lokka á meðan konurnar syrgja. Líkt og sviðshreyfingar flæða tónlist Daníels og hljóð Baldvins Þórs lípurlega í gegnum framvinduna og binda atriðin einnig saman.

Leikrit Williams Shakespeare eru fyrir alla. Síðleysið, hömlulausa hefndin og þeir fyrirboðar sem fyrirfinnast í Ríkháði III minna ekki lítið á Íslendingasögurnar. Í túlkun Brynhildar eru það vélanir og valda-brjálaði karlanna sem verður þeim að falli en konurnar þjást í þöglum harmi þangað til tækifærið býðst, þá grípa þær valdasprotann og von um betri framtíð fæðist. Ríkháður III er ein af bestu leiksýningum síðustu ára, stjórnað með öruggri hendi Brynhildar og leidd áfram af stórkostlegum leik Hjartar Jóhanns. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Hér er á ferðinni sannkallað listaverk sem alls ekki má missa af.



FARTÖLVUR
ALLT AÐ
26%
AFSLÁTTUR



TÖLVUSKJÁIR
ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR



GAGNAGEYMSLUR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR



LYKLABORÐ
OG TÖLVUMÝS
ALLT AÐ
10.000
AFSLÁTTUR



TÖLVUR
ALLT AÐ
40.000
AFSLÁTTUR



HEYRNARTÖL
OG HÁTALARAR
ALLT AÐ
35%
AFSLÁTTUR



TÖLVUÍHLUTIR
ALLT AÐ
46%
AFSLÁTTUR

ÚTSALAN ER HAFIN ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAD VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM



PRENTARAR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR



NETBÚNAÐUR
ALLT AÐ
48%
AFSLÁTTUR

tl.is



SKJÁVARPAR
ALLT AÐ
46%
AFSLÁTTUR



SKJÁKORT
ALLT AÐ
20.000
AFSLÁTTUR

**TÖLVU
LISTINN**



Marvel-hetjurnar voru í vondum málum í lok síðustu myndar, Infinity War, og sjálfsgagt munu hörmungarnar halda áfram í Endgame og hætt við að einhverjir muni lúta í gras í þeim hildarleik.



Spurningum um Rey og Kylo verður vonandi svarað í desember.



Allt bendir til þess að Pixar muni aftur töfra fram heillandi ævintýri um Vidda, Bósa og félagi.



Elsa er ekki alveg tilbúin til þess að sleppa takinu.



Ófetið Pennywise gerir aðra atlögu í öðrum hluta It.



Eftir langa bið er bíómynd um Downton Abbey á leiðinni.

Eins og síðustu ár verða ofurhetjur og stjórnu- stríð frek til fjörsins á bióárinu 2019 en kunnuglegar teiknimynda- söguhetjur munu einnig gera sig gildandi ásamt hryllilegum vágestum úr hugarfylgnum hroll- vekjumeistarans Stephens King.

Með fullri virðingu fyrir Star Wars er Marvel-myndin Avengers: Endgame líklega sú mynd sem beðið er með mestri eftirvæntingu. Myndin er, eins og titillinn ber með sér, lokakafli The Avengers-mynda- bólsins með þá Captain America og Iron Man í forgrunni.

Áhorfendur skildu við sam- einuð hetjugengi The Avengers og Guardians of the Galaxy í verulega vondum málum í fyrri í lok Avengers: Infinity War þegar drjúgur hluti þeirra, ásamt hálfri heimsbyggðinni, varð að dufti með einum fingur- smelli þursins Thanosar.

Biðin eftir framhaldinu hefur reynt verulega á þanþol tauga Marvel-aðdáenda en sem betur fer verður endataflið frumsýnt í lok apríl og þá kemur í ljós hvort Doctor Strange hitti á einu réttu niður- stöðuna áður en hann gufadi upp og þá um leið hvaða hetjur eiga aftur- kvæmt eftir ósigurinn fyrir Thanosi.

Niundi kafli Geimenglasögu

Biðin eftir niunda kafla stjórnu- stríðssögu Geimenglafjölskyld- unnar verður öllu lengri en venju samkvæmt verður Star Wars: Episode IX jólamynd. Myndin hefur ekki enn fengið undirtitil en hún markar endalok þrileiksins sem leikstjórinn J.J. Abrams hóf með The Force Awakens 2015. Abrams bindur sjálfur endahnúttinn á darr- aðardans þeirra Rey og Kylo Ren á

mörkum góðs og illis eftir stórgóðan en mjög umdeildan millikafla, The Last Jedi, sem Rian Johnson bauð upp á um jólin 2017.

Meira Marvel

Marvel gefur ekkert eftir á þessu ári en auk Endgame býður myndasögurinn upp á Captain Marvel og nýja Spider-Man mynd, Far from Home. Köngulóar- maðurinn verður sumarmynd en Brie Larson riður á ofurhetjuvaðið í byrjun mars sem herflugmaðurinn Carol Danvers sem breytist í ofurhetjuna Captain Marvel. Myndarinnar er ekki síst beðið með eftirvænt- ingu þar sem talið er víst að í henni leynist tengingar yfir í Endgame og mögulega

vísbendingar um hvers er að vænta í þeirri mynd.

Viddi og Bósi snúa aftur

Tölvuteiknimyndirnar sem kenndar eru við Toy Story og persónur þeirra eru með þeim allra ástsælustu í þeirri deild síðustu ára- tugi. Toy Story 3 kom út 2010 og almennt var talið að með þeim frábæra kafla væri ævin- týrum Vidda og

Bósa ljósárs lokið. En nú mæta þeir aftur til leiks ásamt gömlum kunn- ingjum og einhverjum nýjum og flest bendir til þess að Pixar hafi enn eina ferðina tekist að galdra fram pottpétt og fallett ævintýri.

Þetta er (ekki alveg) nóg

Prinsessuævintýrið Frozen, um þær systur Elsu og Önnu, sló eftirminni- lega í gegn fyrir fimm árum og þær systur og lagið hennar Elsu, Let it go (þetta er nóg) njóta enn umtals- verðra vinsælda sem verða líklega endurnýjaðar hressilega síðla árs með Frozen 2. Allir sem komu að fyrri myndinni endurtaka leikinn þannig að ef hand- ritið er gott ætti ekkert að geta farið úrskeiðis.

Simbi heillar á ný

Ljónsunginn Simbi heillaði börn og fullorðna 1994 í einni allra bestu Disney-teiknimynd síðari tíma, The Lion King. Disney freistast nú til þess að læsa klónum í nýjar kynslóðir áhorf-

Disney-árið mikla 2019

Disney-samsteypan mun varla þurfa að senda frá sér neikvæð- ar afkomuviðvaranir á þessu ári. Fyrirtækið á flestar þeirra bíómynda sem beðið er með mestri eftirvæntingu 2019, þar á meðal Star Wars: Episode IX og Avengers: Endgame.

enda með tölvugerðri endurgerð myndarinnar sem uppkomnir aðdá- endur fyrstu myndarinnar biða eftir í öfvæni.

Meiri trúðslæti

Hrollvekjuhöfundurinn Stephen King sagði söguna um óværuna, trúðinn Pennywise, á tveimur tímabilum í hinni hnausþykku bók It. Annars vegar tókst hópur unglinga á við skrímslið og hafði betur en þó ekki endanlega þar sem Pennywise skaut aftur upp sínum fúla kolli þegar þau voru fullorðin og loka- uppgjörið fór fram.

Fyrri hluti sögunnar sló í gegn í velheppnuðum hrolli fyrir tveimur árum og nú er komið að því að uppkomnar hetjur fyrri myndarinnar horfast á ný í augu við ógnvald æsku sinnar. Bill Skarsgård heldur áfram að djöflast í gervi trúðsins en James McAvoy og Jessica Chastain bregða sér í hlutverk fullorðinna Bills og Beverly sem fara fyrir trúðabörn- unum.

Úr sjónvarpi í bíó

Bióárið 2019 býður góðu heilli upp á aðeins meira en ofurhetjur, geisla- sverð, talandi leikföng og hráefni í martraðir og sjálfsgagt munu margir fegnir drífa sig til Jörvíkurskírís til fundar við persónur hinna vinsælu sjónvarpsþátta Downton Abbey þegar samnefnd kvikmynd kemur í bíó í september.

Drjúgur hluti persóna og leik- enda úr þáttunum láta að sér kveða í myndinni ásamt einhverjum nýjum andlitum. Michael Engler leikstýrir en Hugh Bonneville, Michelle Dockery, Maggie Smith, Elizabeth McGovern, Imelda Staunton og Geraldine James eru í helstu hlut- verkum. thorarinn@frettabladid.is



KÆRU LANDSMENN

Við óskum ykkur gleðilegs árs og þökkum
ánægjuleg viðskipti á liðnu ári



Ronja Ræningjadóttir Stóra sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Einræðisherrann Stóra sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Jónsmessunæturdraumur Stóra sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Pitt eigið leikrit Kúlan. Schedule table with columns for dates and times.

Fly Me To The Moon Kassinn. Schedule table with columns for dates and times.

Velkomin heim Kassinn. Schedule table with columns for dates and times.

Mið-Ísland Leikhúskjallarinn. Schedule table with columns for dates and times.

Insomnia Kassinn. Schedule table with columns for dates and times.

Improv Leikhúskjallarinn. Schedule table with columns for dates and times.

Elly Stóra sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Ríkharður III Stóra sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Allt sem er frábært Litla sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Kvenfólk Nýja sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Núna 2019 Litla sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Kvöldvaka með Jóni Gnarr Litla sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Ég dey Nýja sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Fólk, staðir og hlutir Litla sviðið. Schedule table with columns for dates and times.

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur. Email: hvar@frettabladid.is

3. JANÚAR 2019

Tónlist

Hvað? Hausar Best of 2018 in Drum & Bass at Paloma

Hvenær? 21.00 Hvar? Paloma, Naustunum Förum yfir það besta á árinu 2018 í drum & bass tónum í Funktion-One kerfi á Paloma.

Hvað? Intr0beatz at Kex hostel

Hvenær? 20.00 Hvar? Kex hostel, Skúlagötu Þann 3. janúar verður fyrstu viku nýja ársins fagnað þegar intr0beatz mætir með plötusafnið sitt á Kex hostel. Hugljúfur djass verður í fyrirrúmi, fullkominn fyrir þá sem vilja snæða og ræða nýársheitin. Gleðilegt nýtt ár!

Hvað? Jólanornirnar bjóða heim

Hvenær? 20.00

Hvar? Skipholt 21 Jólanornirnar eru kraftmiklar skellibjöllur sem gáfu sér ekki tíma til að fara með vitringunum þrem að vitja Jesúbarnsins. Þær voru að þrifa húsin sín. Þegar vitringarnir hurfu sína leið sáu þær auðvitað eftir þeirri ákvörðun og fóru að leita vitringanna, án árangurs. Þá birtist engill, sem sá hve einlægar nornirnar voru, þrátt fyrir skelliganginn, og breytti kústunum þeirra í galdrastafi svo þær geti vitjað góðra barna um allan heim í lok jóla. Samhliða því að þrifa húsin sín og vitja góðra barna halda nornirnar nú árlega jólatónleika.

Hvað? Sólvi Kolbeinsson & Magnús Eliassen

Hvenær? 21.00

Hvar? Mengi, Óðinsgötu Sólvi Kolbeinsson og Magnús Trygvason Eliassen hefja nýja árið á því að spila saman í Mengi föstudagskvöldið 3. janúar. Á efnisskránni eru alls kyns lög, mörg hver djass-skotin (hvað sem það nú þýðir ...), önnur samin á staðnum. Þeir félagar hafa verið áberandi í íslensku tónlistarlífi undanfarnin ár, Sólvi býr nú erlendis þar sem hann stundar nám og því er hér um fágæta tónleika að ræða. Hlökkum til að sjá ykkur.

Viðburðir

Hvað? Kynningarfundur Veganúar 2019

Hvenær? 20.00

Hvar? Bíó Paradís, Hverfisgötu Komdu á kynningarfund Veganúar 2019. Farið verður yfir grundvöll veganisma, áhrif þess lífsstíls á umhverfi, heilsu og dýravernd ásamt því að fólki er gefið færi á að spyrja spurninga og fá leiðbeiningar og aðstoð við að prófa að vera vegan í mánuð. Fyrir utan salinn verða fjölbreyttar kynningar á vegan vörum og þjónustu. Frítt inn og öll velkomin!



Magnús og félagar skemmta gestum með hágæða músík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Á Grænlandi er fagurt um að litast og verður það meðal annars rætt á fundi í Veröld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvað? Grænlandskvöld. Hreindýrabóndinn, Hrökurinn og hlýnun jarðar

Hvenær? 20.00

Hvar? Ferðafélag Íslands, Mörkinni Grænlandskvöld í boði Ferðafélags Íslands. Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi í Isortoq, mun fjalla um mannlíf og þær ógnir sem náttúran stendur frammi fyrir vegna hlýnunar jarðar. Stefán hefur undanfarna áratugi búið í skjóli jökulsins og séð þau áhrif sem oröð hafa. Hrafn Jökulsson, forseti skákkfélagsins Hröksins, mun flytja erindi um mannlíf á Grænlandi. Hrafn hefur ásamt félögum sínum unnið gríðarlegt starf við að breiða út skák á Grænlandi. Hann býr að yfirburðaþekkingu á landi og þjóð vegna mannúdarstarfa sinna. Reynir Traustason mun ásamt Stefáni kynna fyrirhugaða gönguferð í sumar um Suður-Grænland þar sem þeir Stefán Hrafn leiða ferðalanga um afar fáfarnar slóðir. Ferðast verður um sjó og land og mun fólki gefast kostur á að sjá með eigin augum undurfagra náttúru Grænlands og skynja þær ógnir sem að henni steðja. Heiðursgestur kvöldsins verður Kristjana Motzfeldt, fyrri-verandi landshöfðingjafrú Grænlands. Kristjana verður með erindi byggt á yfirburðaþekkingu hennar á náttúru og mannlífi Grænlands. Sýndar verða myndir frá Grænlandi og varpað ljósi á þennan næsta nágranna okkar í vestri.

Hvað? Sagatíð – Nutid

Hvenær? 11.00

Hvar? Veröld – Hús Vigdísar Íslendingasögurnar komu út árið 2014 í nýrri danski þýðingu, með myndskreytingum myndlistarkonunnar Karin Birgitte Lund. Sýning á verkum hennar fyrir útgáfunu er

nú haldin í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Teikningarnar byggja á myndskreytingum og fagurfræði víkingatímans og miðalda, og Karin sækir innblástur í norræna myndlist þess tímabils. Verkin eru meðal annars undir áhrifum af íslenskum miðaldahandritum, veggmyndum í dönskum kirkjum, höggmyndum á Gotlandi og norskum stafkirkjum. Á sýningunni eru einnig nokkrar glænýjar teikningar sem innblásnar eru af Íslendingasögnum.

Sýningar

Hvað? Innrás IV: Margrét Helga Sesseljudóttir

Hvenær? 13.00

Hvar? Ásmundarsafn Margrét Helga Sesseljudóttir nýtir sér ýmsa miðla og efni í marglaga skúlptúrum sínum. Náttúruleg og persónuleg nálgun hennar er hrífandi og býður samtal hennar og verka Ásmundar áhugavert sjónarhorn. Árið 2018 eru fyrirhugaðar fjórar innrásir inn í sýninguna List fyrir fólkið í Ásmundarsafni, þar sem völdum verkum Ásmundar Sveinssonar er skipt út fyrir verk starfandi listamanna.

Hvað? Ingólfur Arnarsson: Jarðhæð

Hvenær? 10.00

Hvar? Hafnarhúsið Sýnd eru ný verk eftir myndlistarmanninn Ingólfur Arnarsson í A-sal Hafnarhúss. Ingólfur hefur verið áhrifamikill í íslensku listalífi allt frá því að hann lauk listnámi í Hollandi snemma á níunda áratugnum. Teikning hefur ætíð skipað veigamikinn sess í listskópun hans en teikningar Ingólfs einkennast af fingerðum línum, nákvæmni og tíma. Hann hefur jafnframt unnið verk á steinsteypu þar sem þyngd iðnaðarframleiddra eininga myndar undirlag næmra litatóna.

Hvað? Jóhannes S. Kjarval: ... lífgjafi stórra vona

Hvenær? 10.00

Hvar? Kjarvalsstaðir Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885-1972) er einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar og arfleifi hans lifir í fjölbreyttu lífsverki sem nær yfir fjölda málverka af náttúru landsins, kynjaverum sem þar leynast og fólkinu í landinu. Þannig má skipta myndefni Kjarvals gróflega í þrjá hluta; landslagsmyndir, fantasíur og mannamyndir. Þó skarast þetta oft þannig að í sömu myndinni getur verið að finna allar myndgerðirnar.

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS. HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19. NÁNAR Á BIOPARADIS.IS. First Reformed (ENGLISH-NO SUB) 17:40, Roma (SPANISH W/ENG SUB) 21:00, 7 Ucuç//7 Emotions(POLISH W/ENG SUB) 17:40, First Reformed (ENGLISH-NO SUB) 22:00, Suspiria (ICE SUB) 18:00, Anna and the Apocalypse (ICE SUB) 22:00, Kona fer í stríð/Woman at War(ENG SUB) 20:00.

60%

LAGER- HREINSUN

VIÐ RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Heilsurúm, heilsudýnur, sófaborð, hliðarborð,
nátborð, hvíldarstólar, hvíldarsófar, tungusófar,
stakir sófar og stólar, dúnsængur, vatnskoddar,
skammel, kollar, heilsukoddar, rúmgaflar,
dýnur í stillanleg rúm og margt fleira.



Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími 554 6969
lur@lur.is
www.lur.is

Opið:

Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

Komdu í heimsókn
og gerðu góð kaup






VIRKIR DAGAR Á RÁS 2



MORGUNÚTVARPIÐ 6:50-9

Vekur hlustendur með glóðvolgum fréttum og snarprí umfjöllun um samfélagsmál.



MORGUNVERKIN 9-12:20

Doddi litli spilar allt það besta sem heimurinn hefur alið af sér og hlustendur geta verið með.



POPPLAND 12:45-16

Án allra landamæra. Einn elsti og virtasti tónlistarþáttur landsins.



SÍÐDEGISÚTVARPIÐ 16-18

Heldur ykkur vel upplýstum um menn og málefni á leið úr vinnu og spilar nóg af góðri tónlist.

Þú finnur uppáhaldsþættina þína í spilara RÚV



DAGSKRÁ

Fimmtudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útvarp 2011-2012
13.50 Úr Gullkistu RÚV. 360 gráður
14.20 Úr Gullkistu RÚV. Taka tvö
15.10 Úr Gullkistu RÚV. Poppunktur 2010
16.05 Úr Gullkistu RÚV. Brautryðjendur
16.30 Úr Gullkistu RÚV. Landinn 2010-2011
17.00 Táknáfréttir
17.10 Noregur - Ísland
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Beinar innkomur frá vettvangi og viðtöl í myndverki þar sem kafað er ofan í hin ýmsu fréttamál. Allt frá efnahagsmálum til dægurmála, tölulegar staðreyndir og mannlegar hliðar. Alla daga, allt árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Frétta- og mannlífspáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
19.50 Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og lífligan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífnum, jafnt með innsögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón. Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
20.00 Töfradrykkur Ástriks Frönsk heimildarmynd um tilurð teiknimyndapersonunnar Ástriks, vinar hans Óðriks og félaga þeirra í Gaulverjabæ og sambandsins milli höfundanna Uderzo og Goscinny.
21.10 Gæfusmiður Önnur þáttaröð þessara bresku þátta um rannsóknarlögreglumanninn og spilafíkilinn Harry Clayton og armbandidið hans sem veitir honum yfirnáttúrulega gæfu. Þegar Harry hittir hina dularfullu Isabellu, sem á sams konar armband, kemur hún öllu því sem hann hélt að hann vissi um armbandidið sitt í uppnám. Aðalhlutverk. James Nesbitt, Thekla Reuten og Sienna Guillory. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigið Bandarísk þáttaröð um sérveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna í von um að koma í veg fyrir frekari ódæðisverk. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.05 Ófærð Á einum sólarhring hafa tveir menn úr sömu fjölskyldu látist með voveiflegum hætti. Andri og Hinrika beina sjónum sínum að hópi þjóðernis-sinna sem kallar sig Hamar Þórs. Í ljós kemur að liðsmenn hópsins hafa verið að mótmæla við virkjunina.
23.55 Kastljós
00.10 Menningin
00.20 Dagskrárlök

HRINGBRAUT

20.00 Mannlíf með Snæðisi
20.30 Heilsa og fíknivandi
21.00 Sturlungar á Þingvöllum
22.00 Mannlíf með Snæðisi
22.30 Heilsa og fíknivandi
23.00 Sturlungar á Þingvöllum

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.30 The Late Late Show with James Corden
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 A.P. Bio
14.15 Life Unexpected
15.00 Ally McBeal
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 The Kids Are Alright
20.10 A Million Little Things
21.00 The Resident
21.45 How To Get Away With Murder
22.30 Rillington Place
23.25 The Tonight Show
00.55 NCIS
01.40 NCIS Los Angeles
02.25 The Handmaid's Tale
03.20 The Handmaid's Tale
04.20 The Handmaid's Tale
05.20 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk Flakk - Flakk um innbæinn á Akureyri - 2.þáttur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit Krakka RÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óperukvöld Útlitsins Fin de partie (Endatafi)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.00 Mr. Turner
13.25 High Strung
15.00 The Immortal Life of Henrietta Lacks
16.30 Mr. Turner
18.55 High Strung
20.30 The Immortal Life of Henrietta Lacks
22.00 Fist Fight
23.30 Bastille Day
01.00 James White
02.25 Fist Fight

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.45 The Middle
08.05 Friends
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Anger Management
10.00 Planet's Got Talent
10.25 Jamie Cooks Italy
11.15 Nettir Kettir
12.00 Dýraspítallinn
12.35 Nágrannar
13.00 Cry Baby
14.25 Intolerable Cruelty
16.15 Major Crimes
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkiinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 The Big Bang Theory
19.45 Splitting Up Together
20.10 NCIS
20.55 Counterpart
21.50 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland
23.35 Room 104
00.05 Springfloden
00.50 Mr. Mercedes
01.40 Prison Break
02.25 Prison Break
03.10 Prison Break
03.55 Intolerable Cruelty

STÖÐ 3

13.43 Two and a Half Men
19.10 Splitting Up Together
19.35 Two and a Half Men
20.00 Seinfeld
20.30 Friends
20.55 The New Girl
21.20 Barry
21.55 Barry
22.25 Rock and a Hard Place
23.50 The Simpsons
00.15 Bob's Burgers
00.40 American Dad
01.05 Splitting Up Together
01.55 Friends
02.20 Seinfeld
02.50 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Derby - Middlesbrough
09.20 Bournemouth - Watford
11.00 Huddersfield - Burnley
12.40 West Ham - Brighton
14.20 Wolves - Crystal Palace
16.00 Chelsea - Southampton
17.40 Newcastle - Manchester United
19.20 Premier League World
19.50 Manchester City - Liverpool
22.00 Messan
23.00 NFL Gameday
23.30 Premier League World
00.00 Villarreal - Real Madrid

STÖÐ 2 SPORT 2

08.10 Stjarnan - Valur
09.35 Keflavík - Tindastóll
11.15 Newcastle - Manchester United
12.55 Stjarnan - ÍBV
14.25 ÍR - Afturelding
15.55 Seinni bylgjan
17.25 Goðsagnir - Steingrímur Jó
18.10 Domino's körfuboltakvöld
19.55 NFL Gameday
20.25 Villarreal - Real Madrid
22.30 HM í pílukasti 2018

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



Til leigu

Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa



Schumacher árið 2011 tilbúinn í komandi keppni. Alls á Schumacher yfir 20 met í Formúlu 1 og er sigursælasti ökuþór í íþróttinni fyrr og síðar. Hann er enn gríðarlega vinsæll. NORDICPHOTOS/GETTY



Alls keppti Schumacher 308 sinnum fyrir Jordan, Benetton, Ferrari og Mercedes. NORDICPHOTOS/GETTY



Corrina og Michael Schumacher ganga hönd í hönd í Abu Dhabi árið 2011. NORDICPHOTOS/GETTY



Schumacher stillir sér upp fyrir tímabilið 2006 þar sem hann hrósaði sínum áttunda sigri í franska kappakstrinum. Slíkt er met. NORDICPHOTOS/GETTY

Fimmtugur í skugga höfuðáverka

Einn besti, ef ekki besti ökuþór allra tíma, **Michael Schumacher**, er fimmtugur í dag. Fjölskylda hans sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hún segist ætla að halda upp á afmælið og sigra hans. Schumacher er enn að jafna sig eftir skíðaslys frá árinu 2013.

Fjölskylda ökuþórsins Michaels Schumacher sendi frá sér sjaldgæfa yfirlýsingu í gær vegna afmælis hans í dag. Schumacher er fimmtugur og ætlar fjölskyldan að koma saman og halda upp á afmælið hans og sigra. Þá mun sérstakt Schumacher app koma út í tilefni dagsins.

„Aðdáendur geta verið vissir um að hann er í bestu mögulegu meðhöndlun og við erum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að aðstoða hann. Á sama tíma óskum við ykkur gleðilegs árs og þökkum fyrir vinskapið og góðar kveðjur á þessum tímamótum,“ segir meðal annars í yfirlýsingunni.

Þjóðverjinn, sem af mörgum og jafnvel flestum er talinn vera einn besti ökuþór allra tíma, datt á skíðum árið 2013 og slasaðist alvarlega á höfði. Hann hefur ekki sést opinberlega síðan. Lítið er vitað um hvernig staðan er enda hefur fjölskyldan haldið sig fjarri kastljósi fjölmiðla.

Schumacher varð sjö sinnum heimsmeistari, þar af fimm sinnum með Ferrari. Hann vann 91 keppni og byrjaði á ráspól 68 sinnum. Hann var 43 ára þegar hann ók sinn síðasta hring í Formúlu 1.

benediktboas@frettabladid.is



Michael Schumacher fékk alls 1.566 stig og náði ráspólnum alls 68 sinnum. Hann var 155 sinnum á verðlaunapalli. NORDICPHOTOS/GETTY



Ungur og myndarlegur árið 1991 þegar hann var að stíga sin fyrstu bensinspor. NORDICPHOTOS/GETTY

ÚT SA LA - 60% Komdu og gerðu frábær kaup!



20
til
40
prósent afsláttur
Parket & flísar



40
prósent afsláttur
Búsáhöld, pottar & pönnur o.fl.



20
til
50
prósent afsláttur
Öll blöndunartæki

Sjáðu öll tilboðin á byko.is

**20-40% Parket og flísar • 20-50% Blöndunartæki • 30% Allt Damixa
30-40% af völdum rafmagnsverkfærum BOSCH og RYOBI
40% Búsáhöld • 40% Glös, bollar og könnur • 40% Pottar og pönnur
30% Inni- og útiljós • 40% Matar- og kaffistell**

**30% BOSCH háprýstidælur • 30% Áltröppur og stigar • 30% Járnhillur • 30% Bílafylgihlutir
40% Plastbox • 30% Einhell rafmagnsverkfæri • 30% Verkfæratöskur og skápar
30% Mottur og dreglar • 30% Föndurvörur • 40% Bökunarform, eldföst form
40% Klukkur 40% Myndarammar • 40% Kósy vörur, luktir, kerti, vasar, teppi, hillur, borð
40% Garn • 40% Spil og leikföng • 30% Kuldagallar • 30% Öryggisskór
30% CAT vinnusokkar • 30% Dovre ullarnærföt • 30% Skil rafmagnsverkfæri
30-60% Jólavörur og fjöldi annarra vara á tilboði!**

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Afgreiðslutími um jól og áramót er á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Lotta hefur frá árinu 2007 ferðast með sýningar sínar um landið. Hópurinn, sem hefur haldið sínar sýningar utandyra, er nú annan veturinn í röð kominn inn í hús. Rauðhetta er nú sett upp áratug eftir að leikritið var frumsýnt í Elliðaárdal.

Lotta fer á nagladekk

Leikhópurinn Lotta frumsýnir Rauðhetta í Tjarnarbíói síðasta dag jóla, klukkan 13. Leikhópurinn verður á þessum nýja vetrarheimavelli út mánuðinn en svo tekur landsbyggðin við. Hópurinn stefnir á að heimsækja yfir 20 staði á landinu.



Anna Bergljót Thorarensen. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sýningar veturinn 2019

Tjarnarbíói, Reykjavík

Sunnudag 6. janúar	13.00 og 15.00	Laugardag 19. janúar	13.00 og 15.00
Laugardag 12. janúar	13.00 og 15.00	Sunnudag 20. janúar	13.00 og 15.00
Sunnudag 13. janúar	13.00 og 15.00	Laugardag 26. janúar	13.00 og 15.00

Landið allt

Mánudagur 28. janúar	17.30	Mánudagur 11. mars	17.30
Hvammstangi - Félagsheimilið		Vík - Íþróttahúsið	
Þriðjudagur 29. janúar	17.30	Þriðjudagur 12. mars	17.30
Blönduós - Félagsheimilið		Höfn - Sindrabær	
Miðvikudagur 30. janúar	17.30	Miðvikudagur 13. mars	17.30
Sauðárkrúkur - Íþróttahúsið		Djúpvogur - Íþróttahúsið	
Fimmtudagur 31. janúar	17.30	Fimmtudagur 14. mars	17.30
Ólafsfjörður - Tjarnarborg		Neskaupstaður - Egilsbúð	
Föstudagur 1. febrúar	17.30	Föstudagur 15. mars	17.30
Húsavík - Salurinn í Borgarhólsskóla		Vopnafjörður - Félagsheimilið	
Þriðjudagur 5. mars	17.00	Laugardagur 16. mars	13.00
Akureyri - Hof menningarhús		Egilsstaðir - Valaskjálfi	
Þriðjudagur 5. mars	19.00		
Akureyri - Hof menningarhús			

upp að dyrum. „Rauðhetta fær að lifa út mars og svo byrjum við á sumarverkefnum. Byrjum hér í rúman mánuð, svo förum við á flakk um landið. Lottan fer á nagladekk. Við förum í þrjár stórar ferðir. Vesturland og Vestfirði, svo Norðurland og loks Suður- og Austurland.

Frá Vík að Vopnafirði. Þetta eru um 20 bæjarfélög – aðeins færri en á sumrin – en samt heilmikið.

Þetta er það sem við gerum til að sinna landsbyggðinni. Við gátum ekki sett þetta upp án þess að heimsækja vini okkar á landsbyggðinni.“ benediktboas@frettabladid.is

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU
AFMÆLSKRINGLUNNI
- fyrir 25-30 manns



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

www.bjornsbakari.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelga@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Valdimar Birgisson valdimar@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heida@frettabladid.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

BLAZIN' BOX MASTER

Zinger kjúklingabringa, beikon, kartöfluskífa, ostur, kál, salsa og chipotle-sósa í mjúkri tortillu.

1.399 kr.

*"it's finger
lickin' good"*



1.999 kr.

Blazin' Boxmaster, þrír Hot Wings, franskar, gos og Stjörnurúlla.



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Þorbjargar
Gunnlaugsdóttur



Minni ársins

Ég var að reyna að rifja upp þar sem ég sat yfir heiðarlegu og á að giska meterslöngu rækjasmurbrauði og jólabjör hvort ég hefði strengt áramótaheit í fyrra. Ég man það ómögulega en rámar í að hafa verið með hugann við markmiðið um að lærin hristist minna þegar ég geng á sundlaugarbakkanum eins og dóttir mín benti mér einu sinni á að væri reyndin.

Janúar er erfiður mánuður. Grænir drykkir leysa af brauð og vín desembermánaðar sem eru afleit skipti. Meirihluti þjóðarinnar er svangur og pirringurinn í samræmi við það. Blessunarlega ganga heitin oftast yfir í febrúar. Þá veit hvert mannsbarn að það er dónaskapur að inna fólk um áramótaheit. Og menn sem spyrja um heitin á bolludaginn kunna ekki að lesa salinn.

Minnisleysi mitt tengist reyndar ekki bara áramótaheitinu, ég man ekki heldur hvað ég var að gera síðasta vor eða bara í síðustu viku. Ég fer inn í herbergi að sækja eitthvað sem ég man svo ekki hvað var. Þess vegna ber ég djúpa virðingu fyrir hinum stálminnugu sem geta í lok árs sagt okkur frá helstu atburðum ársins. Maður ársins í mínum huga er oftast bara álitsgjafinn sem getur þulið þindarlaust upp merkilegustu atburði ársins og á góðum degi jafnvel flokkað þá líka. Ég trúi því reyndar að álitsgjafinn muni þetta kannski ekki alltaf upp á 10 og að það sé ekki tilviljun að stærstu fréttapunktarnir eiga sér stað í lok árs. Þess vegna held ég að það hafi reynst Hannesi dýrkeypt að hann varði vitið frá Messi í júnimánuði en ekki í nóvember. Þetta var nefnilega árið þar sem 100 daga rigning tók við af maraþonstormi og svo sumarið sem Hannes varði vitið frá Messi. Nefni þetta bara af því að enginn spurði.

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ JS



PRENTVERK

Vantar fyrirtækið þitt gæða prentefni? Við bjóðum fjölbreyttar lausnir hvort sem er í offset eða stafrænt. Komdu við í kaffisopa og við finnum leið sem hentar best hverju sinni.

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

SÓMI



NÝTT

NÝTT

Hummusinn frá Sóma

★ GERIR KRAFTAVERK ★

— FYRIR DAGLEGT BRAUÐ —

FERSKT Á FERDINI ★ FRESH TO GO